Árbók Íslands 2010

Heimir Þorleifsson
tók saman

EFNISYFIRLIT

Bls.

Árferði 99
Brunar 101
Búnaður 103
Embætti og störf 108
Forseti Íslands 110
Iðnaður 112
Íbúar Íslands 113
Íþróttir 116
Kirkjan 129
Mannalát 131
Náttúra Íslands 136
Próf 140
Raforkumál 149
Samgöngur og ferðamál 150
Slys 153
Stjórnmál 154
Tímamót 174
Útvegur 176
Verklegar framkvæmdir 179
Verslun 189
Vinnumarkaður 191
Vísitölur og verðlag 193
Ýmislegt 195

Myndir

Ljósmyndarar voru þessir:

Anton Brink: Bls. 118, 121, 123, 172.
Arnþór Birkisson: Bls. 181.
Daníel Rúnarsson: Bls. 119, 136, 155, 184.
Ellý Ármannsdóttir: Bls. 203.
Gunnar V. Andréson: Bls. 101, 109, 130, 162.
Gunnar Vigfússon: Bls. 170.
Heimir Þorleifsson: Bls. 129, 143, 151, 175, 179, 185, 186, 187, 188.
Kristinn Ingvarsson: Bls. 141, 145, 148.
Óskar Friðrksson: Bls. 180.
Pjetur Sigurðsson: Bls. 100, 104, 106, 115, 138, 139, 152, 159, 160, 178, 192, 194, 197, 202.
Siv Friðleifsdóttir: Bls. 107, 161.
Stefán Karlsson: Bls. 111, 120, 196, 204.
Valgarður Gíslason: Bls. 156, 182.
Vilhelm Gunnarsson: Bls. 137, 171.

Nokkrir heimildarmenn: Trausti Jónsson (árferði), Þór Jakobsson (hafís), Matthías Eggertsson (Búnaður), Guðni Guðbergsson (laxveiði), Markús Möller (vísitölur og verðlag). – Tölur um íbúa Íslands, aflabrögð, verslun o.fl. eru frá Hagstofu Íslands.

ÁRFERÐI

Árið 2010 var veðurfar óvenjulegt einkum um sunnan- og vestanvert landið. Mjög hlýtt var í veðri, þurrt og snjólétt. Lítið var um illviðri. Í Reykjavík var meðalhiti hinn annar hæsti síðan mælingar hófust

Mestur hiti sem mældist á árinu á mannaðri veðurathugunarstöð var 4. september á Mánárbakka á Tjörnesi 24,7 stig og á ómannaðri stöð á Möðruvöllum í Hörgárdal sama dag 24,9 stig. Óvanalegt er að landshámark mælist í september. Mestur kuldi á mannaðri stöð varð á Grímsstöðum á Fjöllum 23. desember -26,2 stig og við Mývatn á ómannaðri stöð 22. desember -28,6 stig. – Mest sólarhringsúrkoma á mannaðri stöð mældist á Kvískerjum í Öræfum 26. september 179,4 mm. Á sjálfvirkri stöð í Grundarfirði mældist sólarhringsúrkoma 5. mars 170,6 mm.

Í Reykjavík var meðalhiti ársins 5,9 stig, sem er 1,6 stigum yfir meðaltali áranna 1961-1990. Sólskinsstundir í Reykjavík voru 1.641,3, sem er 257 stundum meira en í meðalári. Mestur hiti í Reykjavík á árinu mældist 17. júlí 21,2 stig á mannaðri stöð. Kaldast varð í bænum 23. desember 10,8 stiga frost. Ársúrkoma í Reykjavík var 592,3 mm sem er næstminnsta ársúrkoma síðan mælingar hófust.

Á Akureyri var meðalhiti ársins 4,3 stig. Sólskinsstundir á Akureyri voru í meðallagi. Mestur hiti á Akureyri á árinu mældist 4. september 23,6 stig, en kaldast varð 22. desember, en þá mældist þar 17,1 stigs frost. Ársúrkoma í bænum var 521,3 mm.

Í *janúar* var kalt í byrjun mánaðar, en síðan voru óvanaleg hlýindi. Í Reykjavík fór hiti í 21 dag ekki niður fyrir frostmark. Janúarþurrkamet voru sett víða m.a. á Akureyri. Ekki var mikið um illviðri í mánuðinum, en óveður gekk þó yfir landið sunnan- og vestanvert 21. janúar. Undir Eyjafjöllum fór vindur í 50m/sek. í hviðum. Þak fauk af húsi á Keflavíkurflugvelli. – Í *febrúar* var veður mjög hlýtt og víðast hvar var snjólétt. Upp úr 20. kólnaði þó nokkuð og tók að snjóa. Snjóflóð féll í Mýrdal og miklar umferðartruflanir urðu. Töluvert snjóaði í

Veðurblíða á Þingvöllum 18. júlí. Hitinn var nær 24 stig.

Reykjavík. – Í *mars* var veðrátta hlý og hægviðrasöm. Kuldar voru þó nokkrir síðustu daga mánaðarins, einkum norðan- og austanlands. – *Apríl* var nærri meðaltali ef litið er til hitafars. Svo mikið snjóaði að bjarga þurfti fólki í Víkurskarði og einnig á Fimmvörðuhálsi. Tveir urðu úti á hálendinu norðan Þórsmerkur. 10. dag mánaðarins varð tjón á Árskógssandi vegna hvassviðris. – *Maí* var hlýr lengst af en frostakafli kom þó norðanlands og austan. – Í *júní* var almennt hagstæð veðrátta og í Stykkishólmi var mesti hiti síðan mælingar hófust, en þar hefur verið mælt síðan 1845. – Í *júlí* var veðrátta áfram hlý og þurrviðrasöm einkum um suðvestanvert landið. Mjög þurrt var á landinu norðvestanverðu en nokkuð úrkomusamt um landið austanvert. Þurrka gætti í ám og vatnsbólum á Vesturlandi. Í byrjun mánaðarins gengu tvær djúpar lægðir yfir landið. Þrumuveður kom sunnanlands hinn 20. – Í *ágúst* var áfram hlýtt og var þetta einn af fimm hlýjustu ágústmánuðum frá upphafi mælinga á vestan- og suðvestanverðu landinu. – Í *september* var áfram fremur hlýtt á landinu en þó heldur svalt við ströndina á Austurlandi og austast á Suðurlandi. – Í *október* var enn hlýtt fyrri hluta mánaðarins en þá kólnaði og var hiti í meðallagi og

Skammdegismyrkur yfir Reykjavík. Gufubólstrar eru frá Hellisheiðarvirkjun.

jafnvel undir því. – Í *nóvember* var oft fremur kalt og um miðjan mánuðinn var mjög snjóþungt um landið norðaustanvert. – Í *desember* var veðrátta fremur hagstæð einkum sunnanlands og vestan. 17. desember gerði óveður víða um land og komst vindur í 25 m/sek. á nokkrum stöðum.

Sumarið var hið heitasta síðan mælingar hófust, meðalhiti í Reykjavík var 11,7 stig.

Hafís. Hafís var í fyrstu viku árs nokkuð nálægt landi úti fyrir Vestfjörðum, næst tæpar 20 sjómílur norður af Hælavíkurbjargi og norðvestur af Barða. 8. janúar var ísjaðar um 20 sjómílur norðaustur af Horni og norðvestur af Straumnesi. Ísjaðarinn hélst á þessum slóðum um sinn og 13. janúar var hann aðeins 13 sjómílur frá Straumnesi og daginn eftir 12 sjómílur frá Hornbjargi. Er á leið janúarmánuð færðist ísinn enn nær og rak suður með Ströndum. Þá var dreifður ís úti fyrir Húnaflóa en meginjaðarinn hélst á þessum slóðum næstu vikurnar.

Allmargar tilkynningar um borgarís úti fyrir Vesfjörðum bárust seinni hluta janúar. En merkustu fréttirnar komu 27. janúar, en þá varð hvítabjörn á vegi manns í Óslandi í Þistilfirði. Dýrið hefur komið langleiðina til lands á óséðri ísflekadreif.

Hafís úti fyrir Vestfjörðum hélst yfirleitt í meðallagi næstu mánuði. Um miðjan júní var ísspöng um 25 sjómílur norður af Horni, en eftir það, fram á haust, var einkum tilkynnt um borgarís á siglingaleiðum. Í ískönnunarflugi 7. desember var ísjaðarinn næst landi um 22 sjómílur frá Horni, um 25 sjómílur frá Straumnesi og um 45 sjómílur frá Barða. Hinn 10. desember var ísjaðarinn einungis um 10 sjómílur norður af Horni. Næstu vikur barst ís suður með Ströndum en megin ísjaðarinn var um tíma um 25-30 sjómílur úti fyrir norðanverðum Vestfjörðum og Hornströndum en færðist fjær er leið að árslokum.

BRUNAR

Krýsuvíkurkirkja brann til grunna 2. janúar. Eldsupptök voru talin af manna völdum. – Eldsvoði varð í húsi við Hverfisgötu 7. janúar. Einn maður lést í brunanum og húsið er stórskemmt ef ekki ónýtt. – 27. janúar kom upp eldur í hesthúsum í Víðidal. Þar voru um 16 hross og tókst að bjarga þeim öllum.

21. febrúar kviknaði í húsi í Stykkishólmi. Einn maður var í húsinu og var hann fluttur þungt haldinn með þyrlu til Reykjavíkur.

16. mars kom eldur upp í yfirgefinni fiskimjölsverksmiðju í Sandgerði. Miklar skemmdir urðu á húsinu. – 23. mars kom upp eldur í veitingahúsinu Batteríinu, sem er á milli Hafnarstrætis og Tryggvagötu. Það var reist sem pakkhús árið 1887 en seinna notað sem kaffibrennsla O. J. & Kaaber. Húsið skemmdist mikið og er talið að kveikt hafi verið í því. – Útihús á bænum Tjörn á Vatnsnesi brunnu til kaldra kola 28. mars. Þar drápust um 200 landnámshænur.

9. júní kom upp eldur í trésmíðaverkstæðinu Selósi á Selfossi. Miklar skemmdir urðu.

12. október kviknaði í dekkjaverkstæðinu Pitstop við Rauðhellu í Hafnarfirði. Mikið tjón varð.

18. desember varð eldsvoði og sprengingar í álveri Alcoa-Fjarðaáls á Reyðarfirði. Skemmdir urðu verulegar.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað út 23.703 sinnum á árinu 2010 (20.813 árið áður). Eldsútköll (dælubílar kallaðir út) hjá liðinu á árinu voru 1.287 (1.356) og sjúkraflutningar voru 22.416 (19.457). – Á Akureyri fór slökkviliðið í 2.243 útköll (2.072) ýmist vegna bruna eða sjúkraflutninga. Af sjúkraflutningunum voru 440 með flugi (395).

BÚNAÐUR

Árið 2010 var í heildina litið hagstætt til búskapar en breytilegt eftir svæðum. Gosið í Eyjafjallajökli hafði töluverð áhrif á nýtingu úthaga og heyskap, einkum undir Eyjafjöllum og í Mýrdal. Sláttur hófst á venjulegum tíma um land allt.

Heyfengur o.fl.

Talið er, að rúlluhey og ferbaggar pakkaðir í plast hafi numið 1.976.496 rúmmetrum (1.945.176 árið áður). Annað vothey var 59.483 rúmmetrar (37.875 árið áður) og þurrhey 69.121 rúmmetri (122.187). – Fræræk nam 15,4 tonnum af óhúðuðu fræi (14,4 tonnum árið áður). – Kornuppskera var 16.400 tonn, 600 tonnum meiri en árið áður. Kornbændur voru alls 448 (478 árið áður). Áætla má að hirtur hálmur sé um helmingur af þunga kornsins eða rúmlega 8.000 tonn miðað við 85% þurrefni. Hálmurinn er einkum notaður til svepparæktar en einnig sem undirburður undir nautgripi og hross.

Vetrarhveiti var uppskorið á a.m.k. tveimur bæjum, Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum og Miklaholti í Biskupstungum. Hveitiakrar voru alls um 25 hektarar og uppskera um 100 tonn sem talin er með í heildaruppskeru korns. Þá var ræktuð fóðurrepja á Þorvaldseyri og unnin repjuolía úr fræinu sem notuð var sem orkugjafi á dráttarvél á bænum.

Uppskera

Kartöfluuppskera var meiri en árið áður og er talið að um 12.460 tonn af kartöflum hafi komið til nytja á árinu hjá

Tún undir ösku á Seljavöllum undir Eyjafjöllum.

þeim sem hafa kartöflur til sölu (9.500 tonn árið áður). – Tómatauppskera var 1.652 tonn (1.481árið áður), gúrkuuppskera 1.458 tonn (1.452), paprikuuppskera 186 tonn (177), blómkálsuppskera 114 tonn (101), gulrótauppskera 612 tonn (720), hvítkálsuppskera 425 tonn (472), kínakálsuppskera 164 tonn (221), spergilkálsuppskera 108 tonn (107), gulrófnauppskera 833 tonn (939), salatuppskera 100 tonn (109) og sveppauppskera 579 tonn (553).

Berjaspretta var víða mjög góð og mátti stunda berjatínslu langt fram á haust vegna góðrar tíðar.

Sláturafurðir, mjólk o.fl.

Slátrað var 558.260 fjár í sláturhúsum (542.276) árið áður). Af því voru 519.112 dilkar (506.451) og 36.153 fullorðið fé (33.124 árið áður).

Meðalfallþungi dilka var 15,95 kg, sem er 0,1 kg meiri fallþungi en árið áður. Kindakjötsframleiðslan var 9.166 tonn (8.841 árið áður). – Slátrað var 21.385 nautgripum (20.357). Nautgripakjöt var 3.895 tonn (3.761 árið áður). Slátrað var 6.751 hrossi (8.186), og hrossakjöt var 799 tonn (1.018). Slátrað var

79.839 svínum (83.867) og var svínakjötsframleiðslan 6.158 tonn (6.375). Alifuglakjötsframleiðsla var 6.905 tonn (7.176 árið áður).

Útflutningur lifandi hrossa dróst töluvert saman á árinu 2010. Út voru flutt 1.275 hross (1.496 árið áður). Mest var flutt út til Þýskalands, 432 hross.

Mjólkurframleiðsla var 123.178.257 lítrar hjá aðildarfélögum SAM – Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði (125.569.461 árið áður). Smjörframleiðsla var 1.576 tonn (1.571 árið áður 765) og smjörvi 765 tonn (738). Framleidd voru 224,4 tonn af léttsmjöri (326) og 35 tonn af klípu.

Afurðahæsta kýr á landinu var Örk 166 frá Egg í Hegranesi, en hún mjólkaði 12.418 kg. Hún var einnig með mestar afurðir árið áður. Mestar afurðir í sauðfjárrækt á árinu á búi með yfir 100 ær voru á Sauðadalsá í Vestur-Húnavatnssýslu 38,6 kg á á.

Minkabú voru í árslok 22 (sama tala og árið áður). Auk þess rekur Samband íslenskra loðdýrabænda einangrunarstöð. Verð á minkaskinnum var hátt á árinu og er nokkur áhugi erlendis að stofna til minkaræktar hér á landi.

Lax- og silungsveiði

Sumarið 2010 var laxveiði í ám sú næstmesta sem sögur fara af. Meiri veiði hefur aðeins verið skráð árið 2008. Alls veiddust 74.962 laxar á stöng úr ám landsins (74.408 árið áður). Af þeim var 21.476 sleppt aftur (17.178) eða 28,6%. 15.903 laxar veiddust í net í ám (9.607), en frá hafbeitarstöðvum komu engir laxar. Nær öll laxveiði í net er nú í jökulánum á Suðurlandi, Þjórsá, Ölfusá og Hvítá. Heildarafli landaðra laxa í stangveiði og netaveiði var samanlagt 69.388 laxar og vógu þeir 189.738 kg. Af þeim töldust 58.643 smálaxar og 10.745 stórlaxar.

Mesta laxveiði á stöng þetta árið (miðað er við veidda laxa) var í Eystri-Rangá 6.281 lax (4.237 árið áður). Í öðru sæti var Ytri-Rangá og Hólsá með 6.211 laxa (10.749 árið áður), Miðfjarðará varð í þriðja sæti með 4.050 laxa (3.962), Þverá/Kjarrá í fjórða sæti með 3.782 (2.370), Blanda í fimmta sæti 2.654 (2.445) og Norðurá var í sjötta sæti með 2.271 lax

Við veiðar í Þingvallavatni.

(2.345). Næst á eftir þessum sex komu Langá, Selá í Vopnafirði, Haffjarðará og Grímsá/Tunguá.

Veiði á urriða var mest í Veiðivötnum 19.079 (20.548 árið áður). Þá kom Laxá í Þingeyjarsýslu ofan brúa með 3.988 veidda urriða (2.013 árið áður), í þriðja sæti var

Fremri Laxá á Ásum með 3.376 urriða (4.009). Af bleikju veiddist mest í Veiðivötnum 10.634 (9.673) og í öðru sæti var Hlíðarvatn með 2.626 bleikjur (3.663). Í þriðja sæti var Víðidalsá/Fitjá með 1.728 stangveiddar bleikjur (986).

Ýmislegt

Fimmtánda búnaðarþing eftir sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda hófst í Reykjavík 28. febrúar og stóð til 3. mars. Jón Bjarnason landbúnaðarráðherra flutti ávarp við setningu þingsins. Haraldur Benediktsson var endurkjörinn formaður Bændasamtaka Íslands. Landbúnaðarverðlaunin fengu ábúendur á Hrauni á Skaga og Grænhóli í Ölfusi.

Bændur undir Eyjafjöllum urðu fyrir tjóni af völdum ösku sem lagðist yfir tún þeirra. Tjónið varð þó minna en menn óttuðust, því að grasvöxtur varð sæmilegur.

Frá afhendingu viðurkenninga á Búnaðarþingi. F.v.: Marete K. Rabölle, Steinn Rögnvaldsson og Guðlaug Jóhannsdóttir ábúendur á Hrauni á Skaga, Jón Bjarnason landbúnaðarráðherra, Kristbjörg Eyvindsdóttir og Gunnar Arnarson ábúendur á Grænhóli.

Kvefsótt herjaði á hestastofninn og varð til þess að fresta þurfti landsmóti um eitt ár.

Tré ársins var valið álmur (Ulmus glabra) við Heiðarveg 35 í Vestmanneyjum.

Búfjáreign

Búfjáreign Íslendinga (bráðabirgðatölur) var í árslok 2010 (í svigum tölur frá 2009).

Nautgripir	73.781	(73.498)
Af þeim mjólkurkýr	25.711	(26.489)
Sauðfé	479.654	(469.429)
Hross	77.196	(77.158)
Svín	3.615	(3.818)
Varphænur	174.515	(199.958)
Minkar (fullorðin dýr)	37.409	(39.065)

Refir (fullorðin dýr)	5	(3)
Kanínur	213	(369)
Gæsir og endur	1.346	(1.107)
Kalkúnar	2.305	(905)
Geitur	729	(655)

Útflutningur

Á árinu 2010 óx útflutningur á landbúnaðarafurðum á föstu gengi nokkuð eða um 20,6% og nam 8.970 milljónum króna (7.687 árið áður). Útflutningur landbúnaðarvara skiptist þannig í milljónum króna 2010 (í svigum tölur frá 2009):

Afurðir sláturdýra	3.927	(2.935)
Fiskeldi	2.754	(2.723)
Búfé	902	(993)
Aðrar land- og sjávarnytjar	704	(586)
Mjólk og mjólkurvörur	548	(332)
Aðrar landbúnaðarvörur	133	(118)

EMBÆTTI OG STÖRF

Embættis- og sýslunarmenn ríkisins (skipaðir eða settir frá nefndum degi).

1. janúar: Ingibjörg Benediktsdóttir forseti Hæstaréttar, Geir Gunnlaugsson landlæknir, Kristín Ingólfsdóttir rektor Háskóla Íslands. Hún var sjálfkjörin þar sem hún bauð sig ein fram.

1. ágúst: Bryndís Sigurjónsdóttir skólameistari Borgarholtsskóla.

1. október: Björn Zoëga forstjóri Landspítalans, Hilmar Oddsson rektor Kvikmyndaskólans, Jón Ásbergsson forstjóri Íslandsstofu, Viðar Már Matthíasson hæstaréttardómari.

Embættismenn, sem fengu lausn

Þorsteinn Þorsteinsson frá embætti skólameistara við Fjölbrautaskólann í Garðabæ. – Guðmundur Bjarnason frá embætti forstjóra Íbúðalánasjóðs. – Hjördís Hákonardóttir frá embætti hæstaréttardómara frá 1. október.

Borgarstjóraskipti í Reykjavík voru 15. júní. Jón Gnarr tók þá við lyklavöldunum í borginni af Hönnu Birnu Kristjánsdóttur.

Embættismenn sveitarfélaga

Eftirtaldir urðu nýir bæjarstjórar (17). Jón Gnarr (borgarstjóri í Reykjavík), Guðrún Pálsdóttir Kópavogur, Guðmundur Rúnar Árnason Hafnarfjörður, Eiríkur Björn Björgvinsson Akureyri, Ásta Stefánsdóttir Árborg, Árni Múli Jónasson Akranes, Páll Björgvin Guðmundsson Fjarðabyggð, Daníel Jakobsson Ísafjörður, Björn Ingimarsson Fljótsdalshérað, Róbert Ragnarsson Grindavík, Sigurður Valur Ásbjarnarson Fjallabyggð, Ólafur Örn Ólafsson Ölfus, Sigrún Árnadóttir Sandgerði, Ásgerður Sturludóttir Vesturbyggð, Arnar Þór Sævarsson Blönduós, Sveinn Pálsson Dalabyggð, Ásgeir Magnússon Mýrdalshreppur, Gylfi Þór Þórisson Reykhólahreppur.

Ýmis störf

Í janúar var Ólafur Örn Haraldsson ráðinn þjóðgarðsvörður. – Hrólfur Ölvisson var ráðinn framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins frá 1. janúar.

Í mars var Bragi Björnsson lögfræðingur valinn skátahöfðingi. Hann hlaut 49 atkvæði á skátaþingi, einu atkvæði meira en Hrólfur Jónsson slökkviliðsstjóri.

Í apríl var Höskuldur Ólafsson ráðinn bankastjóri Arion banka í stað Finns Sveinbjörnssonar. – Í sama mánuði tók Hjálmar Jónsson við formennsku í Blaðamannafélaginu í stað Þóru Kristínar Ásgeirsdóttur sem dró sig í hlé.

Í maí var Kristín Steinsdóttir kosin formaður Rithöfundasambandsins. – Í sama mánuði var Ólafur Rafnsson kosinn forseti FIBA Europe þ.e. evrópska körfuknattleikssambandsins. – Í maí var Steinþór Pálsson ráðinn bankastjóri Landsbankans í stað Ásmundar Stefánssonar.

Í júlí var Orri Hauksson ráðinn framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

Í ágúst var Runólfur Ágústsson ráðinn umboðsmaður skuldara. Hann hætti eftir þrjá daga. Ásta Sigrún Helgadóttir var ráðin í hans stað. – 17. ágúst tók Haraldur Flosi Tryggvason við starfi forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur en Hjörleifur Kvaran lét af störfum.

Í byrjun nóvember var Sigurður Erlingsson ráðinn framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs.

FORSETI ÍSLANDS

Vinsældir Ólafs Ragnars Grímssonar voru taldar hafa farið vaxandi á árinu einkum eftir að hann synjaði Icesavemálinu staðfestingar og knúði fram þjóðaratkvæðagreiðslu um það.

Nokkur hundruð manns komu saman við Bessastaði 2. janúar og afhentu forsetanum undirskriftir 56 þúsund Íslendinga, sem báðu hann um að nota málskotsréttinn og skjóta málinu til þjóðarinnar. Það var svokallaður Icesavehópur sem hafði forgöngu um þetta mál. Til þess að auka áhrifin af þessari heimsókn til Bessastaða var skotið upp neyðarblysum og virtist um tíma sem eldur væri uppi við forsetasetrið. Ólafur Ragnar synjaði Icesavelögunum staðfestingar 5. janúar. Mikið var deilt um þessa ákvörðun jafnt heima sem erlendis. Alþingi kom saman 8. janúar til þess eins að setja lög um væntanlega þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ólafur Ragnar Grímsson tilkynnir að hann hafni Icesave lögunum 5. janúar.

Forsetinn fór í opinbera heimsókn til Indlands og hófst hún í Mumbai 12. janúar. Með forsetanum var 30 manna sendinefnd frá ráðuneytum og ýmsum fyrirtækjum. Enginn ráðherra var með í förinni. Ólafi Ragnari voru veitt Nehruverðlaunin fyrir að efla samvinnu með Íslendingum og Indverjum. – Ólafur Ragnar sótti þing fjármálamanna í Davos í Sviss í lok janúar. Hann átti þá sjónvarpsviðtöl á nokkrum stöðum og kynnti málstað Íslands í Icesavedeilunni, þ. á m. við Sjónvarpsstöðina CNN. – Í viðtali við Bloomberg fréttastofuna um íslensk stjórnmál, Icesave, Evrópusambandið o.fl. kom í ljós að forseti Íslands er ekki hrifinn af Evrópusambandinu. Hann spurði t.d. í hæðnistón: „Hvers konar klúbbur er þetta eiginlega." – Ólafur Ragnar flutti ræðu við setningu heimsþings um jarðhita sem haldið var á Bali 26. apríl. Forsetinn sótti Kína heim í byrjun september og flutti ávarp í íslenska skálanum á heimssýningunni 2010. Ólafur Ragnar fjallaði um losun gróðurhúsalofttegunda. 70 manns voru í fylgdarlið hans.

Mohamed Nasheed forseti Maldiveeyja kom í opinbera heimsókn til Íslands í mars. Hann kynnti sér einkum orku- og sjávarútvegsmál. – Forseti Eistlands Toomas Hendrik Ilves og kona hans Evelin voru í opinberri heimsókn á Íslandi dagana 10.-11. júní.

IÐNAÐUR

Hagur íslenskra iðnfyrirtækja annarra en stóriðjufyrirtækjanna var heldur slakur á árinu 2010. Framleiðsla gekk þó vel í sementsverksmiðjunni á Akranesi og hjá járnblendifélaginu á Grundartanga. Krónan var ekki hagstæð þeim fyrirtækjum sem framleiddu fyrir innlendan markað.

Álframleiðsla

Starfsemi álfyrirtækjanna Alcan á Íslandi hf. í Straumsvík og Norðuráls hf. á Grundartanga gekk áfram mjög vel á árinu. Framleiðslan var í hámarki, þ.e. um 180.000 tonn í Straumsvík og 260.000 tonn á Grundartanga. Framleiðsla hjá Alcoa-Fjarðaáli á Reyðarfirði var um 350.000 tonn.

Útflutningur

Útflutningur á iðnaðarvörum nam á árinu 311.012 milljónum króna, og er það 32% aukning frá árinu áður (243.641). Útflutningur í helstu tegundum (meira en 5.000 millj.) af iðnvarningi árið 2010 í milljónum króna (í svigum tölur frá 2009):

Á1	222.435	(170.664)
Kísiljárn	18.791	(16.853)
Lyfjavörur	15.676	(11.978)
Tæki og vörur til lækninga	6.364	(5.745)
Jarðolíur og olíuvörur	5.730	(4.967)

ÍBÚAR ÍSLANDS

Hinn 1. janúar 2011 var íbúatala Íslands 318.452 (317.630 árið áður). Af þeim voru karlar 160.006 (159.936) og konur 158.446 (157.694). Fjölgun Íslendinga á árinu var 822 eða 0,3% (1.24% fjölgun árið áður). Aðfluttir til landsins voru 5.625 en brottfluttir 7.759. 1. janúar 2011 voru 25.693 erlendir ríkisborgarar búsettir á Íslandi eða 8,1% af mannfjöldanum. Dánir á árinu voru 2.017, 1063 karlar og 954 konur.

Á árinu fæddust 4.907 lifandi börn (4.835). Af þeim voru 1.750 börn ógiftra mæðra. Foreldrar í óvígðri sambúð áttu 2.304 börn og foreldrar ekki í sambúð 853.

1. janúar 2011 voru 76 sveitarfélög í landinu og fækkaði um eitt á árinu. Í 45 sveitarfélögum fækkaði íbúum á árinu.

Af íbúum landsins voru 251.487 í Þjóðkirkjunni hinn 1. janúar 2010 (253.069 árið áður), í Fríkirkjunni í Reykjavík 8.227 (7.920), í Fríkirkjunni í Hafnarfirði 5.364 (5.243), í Óháða söfnuðinum í Reykjavík 2.906 (2.853).

Önnur skráð trúfélög:

Rómversk-kaþólskir	9.672	(9.281)
Hvítasunnumenn	2.109	(2.053)
Ásatrúar	1.402	(1.275)
Búddistafélag Íslands	880	(840)
Aðventistar	770	(782)

Vottar Jehóva	693	(685)
Vegurinn	687	(735)
Krossinn	630	(646)
Baháísamfélag	398	(412)
Félag Múslima á Íslandi	373	(404)
Söfnuður Moskvu-Patríarkatsins	334	(297)
Íslenska Kristskirkjan	277	(260)
Serbneska rétttrúnaðarkirkjan	201	(169)
Kirkja Jesú Krists h.s.d.h.	180	(182)
Betanía	176	(167)
Kefas-kristið samfélag	151	(151)
SGI á Íslandi	135	(95)
Boðunarkirkjan	103	(91)
Zen á Íslandi-Nátthagi	75	(69)
Sjónarhæðarsöfnuður	62	(61)
Samfélag trúaðra	35	(33)
Baptistakirkjan	29	(33)
Reykjavíkurgoðorð	20	(20)
Heimsfriðarsamtök fjölskyldna	20	(17)
Heimakirkja	11	(11)

Í öðrum trúfélögum og ótilgreindir voru 19.647 (22.202), utan trúfélaga voru 10.336 (9.309).

Íbúatala íslenskra kaupstaða og bæja var 1. janúar 2011 sem hér segir (í svigum eru tölur frá 1. janúar 2010):

Reykjavík	118.898	(118.326)
Mosfellsbær	8.642	(8.553)
Akranes	6.623	(6.549)
Borgarbyggð	3.476	(3.542)
Snæfellsbær	1.723	(1.702)
Stykkishólmur	1.100	(1.092)
Vesturbyggð	890	(935)
Bolungarvík	888	(970)
Ísafjarðarbær	3.824	(3.899)
Blönduósbær	904	(882)

Frá Höfn í Hornafirði.

Sveitarfél. Skagafjörður	4.110	(4.131)
Fjallabyggð	2.030	(2.066)
Dalvíkurbyggð	1.960	(1.949)
Akureyri	17.754	(17.573)
Norðurþing	2.905	(2.926)
Seyðisfjörður	668	(706)
Fljótsdalshérað	3.401	(3.467)
Fjarðabyggð	4.583	(4.641)
Sveitarfél. Hornafjörður	2.119	(2.086)
Vestmannaeyjar	4.142	(4.135)
Sveitarfélagið Árborg	7.827	(7.811)
Hveragerði	2.316	(2.291)
Grindavík	2.821	(2.837)
Sandgerði	1.683	(1.710)
Reykjanesbær	13.971	(14.091)
Hafnarfjörður	26.099	(25.913)
Garðabær	10.909	(10.643)
Kópavogur	30.779	(30.357)
Seltjarnarnes	4.320	(4.395)

Þessi sveitarfélög önnur en kaupstaðir og bæir (kauptún eða byggðarkjarnar og sveit) höfðu fleiri en 500 íbúa hinn 1. janúar 2011 (í svigum eru tölur frá 1. janúar 2010).

Sveitarfél. Álftanes	2.484	(2.523)
Sveitarfél. Ölfus	1.915	(1.952)
Rangárþing eystra	1.741	(1.745)
Rangárþing ytra	1.523	(1.543)
Sveitarfél. Garður	1.452	(1.515)
Sveitarfél. Vogar	1.161	(1.206)
Húnaþing vestra	1.122	(1.116)
Eyjafjarðarsveit	1.025	(1.025)
Bláskógabyggð	935	(935)
Þingeyjarsveit	944	(942)
Grundarfjarðarbær	903	(904)
Hrunamannahreppur	795	(788
Dalabyggð	684	(694)
Vopnafjarðarhreppur	668	(683)
Hvalfjarðarsveit	617	(624)
Hörgársveit	600	(607)
Flóahreppur	594	(602)
Sveitarfél. Skagaströnd	530	(519)
Langanesbyggð	505	(521)
Skeiða- og Gnúpverjahr.	505	(517)
Strandabyggð	501	(508)

Fámennasti hreppur landsins 1. janúar 2011 var Árneshreppur á Ströndum með 52 íbúa og hafði reyndar fjölgað þar um tvo á árinu 2010. Næstir honum komu Tjörneshreppur með 57 íbúa og Skorradalshreppur einnig með 57.

ÍÞRÓTTIR

Badminton. Meistaramót Íslands fór fram í TBR-húsinu og lauk því 28. mars. Helgi Jóhannesson (TBR) varð Íslandsmeistari í karlaflokki, en Ragna Ingólfsdóttir (TBR) í kvennaflokki. Magnús Ingi Helgason (TBR) og Helgi Jóhannesson

sigruðu í tvíliðaleik karla fjórða árið í röð en Ragna og Katrín Atladóttir sigruðu í tvíliðaleik kvenna.

Blak. HK fékk alla titla karla sem keppt var um í blaki. Þeir urðu deildarmeistarar, Íslandsmeistarar og bikarmeistarar. Kvennalið KA lék sama leikinn og sigraði þrefalt.

Borðtennis. Íslandsmótið fór fram í Reykjavík 7. mars. Í einliðaleik varð Guðmundur E. Stephensen (Víkingi) Íslandsmeistari í karlaflokki sautjánda árið í röð, en Lilja Rós Jóhannesdóttir (Víkingi) í kvennaflokki. Í tvíliðaleik karla sigruðu Guðmundur E. Stephensen og Magnús K. Magnússon (Víkingi) og í tvíliðaleik kvenna Lilja Rós og Eva Jósteinsdóttir. Guðmundur E. Stephensen sigraði í tvenndarleik ásamt Evu Jósteinsdóttur.

Bridds. Íslandsmót í sveitakeppni í opnum flokki var haldið í Reykjavík í apríl. Sveit Grant Thorntons sigraði og hlaut 290 stig. Sveit Verðbréfa varð í öðru sæti með 252 stig og sveit Málningar í því þriðja með 235 stig. Í sigursveitinni voru Sveinn R. Eiríksson, Ómar Olgeirsson, Sigurbjörn Haraldsson, Magnús E. Magnússon og bræðurnir Hrólfur og Oddur Hjaltasynir. – Íslendingar urðu í 4. sæti á Evrópumótinu í Madrid í lok júní með 289 stig. Ítalía vann með 314 stigum, Pólland fékk 308 stig og Ísrael 304,5. Íslendingar munu spila á heimsmeistaramóti í Hollandi 2011.

Fimleikar. Íslandsmót var haldið dagana 27. og 28. mars. Íslandsmeistarar í fjölþraut urðu Thelma Rut Hermannsdóttir (Gerplu) í kvennaflokki og Viktor Kristmannsson (Gerplu) í karlaflokki, en hann sigraði áttunda árið í röð. Thelma Rut Hermannsdóttir sigraði í öllum æfingum svo sem á tvíslá, á gólfi og í stökki. Viktor Kristmannsson sigraði í tveimur æfingum, en Róbert Kristmannsson (Gerplu) sigraði einnig í tveimur æfingum.

Lið Gerplu varð Evrópumeistari í hópfimleikum kvenna. Mótið var haldið í Svíþjóð í október.

Frjálsíþróttir. Meistaramót Íslands innanhúss var haldið í Laugardalshöll dagana 6.-7. febrúar. ÍR sigraði í flokkakeppni og fékk 30.327 stig, Fjölnir varð í öðru sæti með 18.459 stig og FH í þriðja með 15.818 stig. Bestu afrekin unnu þau Helga

Gerpla varð í 2. sæti á Evrópumótinu í hópfimleikum.

Margrét Þorsteinsdóttir í 400 m hlaupi, 55,52 sek og Óðinn Björn Þorsteinsson í kúluvarpi, 18,21 m.

Víðavangshlaup ÍR var haldið í 95. sinn á sumardaginn fyrsta. Þátttakendur voru um 400 og hlaupnir voru 5 km. Sigurvegari í karlaflokki varð Björn Margeirsson (FH) á 15,31 mín, en Íris Inga Skúladóttir (Fjölni) sigraði í kvennaflokki á 18,03 mín.

Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum fór fram á Laugardalsvelli 9.-11. júlí. ÍR sigraði í sveitakeppni og fékk nálega tvöfalt fleiri stig en keppinautarnir í FH. Það var kvennalið ÍR sem réð úrslitum. Grindahlauparinn Kristín Birna Ólafsdóttir (ÍR) vann besta afrek mótsins í kvennaflokki. Hún hljóp 100 m grindahlaup á 14,12 sek. Í karlaflokki vann Þorsteinn Ingvarsson (HSÞ) besta afrekið. Hann stökk 7,62 í langstökki.

45. bikarkeppnin í frjálsum íþróttum var haldin á Sauðárkróki 14.-15. ágúst. ÍR sigraði og hlaut 173 stig. FH sigraði þó í karlaflokki. Kristín Birna Ólafsdóttir var sigursælust í flokki kvenna. Hún vann bæði grindahlaupin og 400 m hlaup.

Reykjavíkurmaraþon var haldið í 28. sinn laugardaginn 21. ágúst í allgóðu veðri. Björn Margeirsson sigraði í Maraþonhlaupinu á tímanum 2:33,57, en þetta er í fyrsta sinn síðan 1984

Íslandsmeistarar í höggleik í golfi á Kiðjabergsvelli: Birgir Leifur Hafþórsson og Tinna Jóhannsdóttir.

sem Íslendingur sigrar. Af konum fékk Rannveig Oddsdóttir bestan tíma, 2:57,33. Skráðir keppendur voru 10.444.

Ásdís Hjálmsdóttir (Ármanni) setti Íslandsmet í spjótkasti 15. júní á Norðurlandameistaramóti unglinga í Kópavogi. Helga Margrét Þorsteinsdóttir setti met á sama móti í sjöþraut og fékk 5.721 stig. Viku seinna bætti hún þetta met á móti í Tékklandi í 5.878 stig.

Á Evrópumeistaramótinu, 3. deild, sigruðu Íslendingar í þremur greinum, Ásdís Hjálmsdóttir í spjótkasti, Kristín Birna Ólafsdóttir í 400 m grindahlaupi og Guðmundur Hólmar Jónsson í spjótkasti. Íslendingar urðu í 4. sæti.

Á Evópumeistaramótinu í Barcelona í júlí höfðu sjö Íslendingar heimild til þess að keppa. Einn heltist úr lestinni og voru það því sex sem kepptu. Það voru Ásdís Hjálmsdóttir í spjótkasti, Björgvin Víkingsson í 400 m grindahlaupi, Óðinn Björn Þorsteinsson í kúluvarpi, Þorsteinn Ingvarsson í langstökki og Helga Margrét Þorsteindóttir í sjöþraut. Mestar vonir voru tengdar við Helgu Margréti, en hún meiddist eftir 3 greinar. Hinir keppendurnir voru langt frá sínum besta árangri.

Berglind Íris Hauksdóttir Valsstúlka lyfir Íslandsmeistarabikarnum í handbolta. Valur varð Íslandsmeistari í kvennaflokki í fyrsta sinn í 27 ár.

Glíma. Íslandsglíman var háð í apríl. Pétur Eyþórsson (Ármanni) sigraði, hlaut Grettisbeltið og varð glímukóngur Íslands í fimmta sinn. Grettisbeltið var veitt í 100. sinn. Pétur varð einnig Íslandsmeistari í -90 kg flokki og opnum flokki. Svana Hrönn Jóhannsdóttir (GFD) sigraði í svokallaðri Freyjuglímu, sem háð var í tíunda sinn, og hlaut Freyjumenið. Svana Hrönn sigraði fimmta árið í röð.

Golf. Íslandsmótið í höggleik var haldið á Kiðjabergsvelli í lok júlí. Birgir Leifur Hafþórsson (GKG) varð Íslandsmeistari í karlaflokki og Tinna Jóhannsdóttir (Keili) í kvennaflokki. Þetta var fjórði Íslandsmeistaratitill Birgis Leifs, en í fyrsta sinn sem Tinna verður Íslandsmeistari. – Í byrjun ágúst urðu þau Birgir Leifur og Valdís Þóra Jónsdóttir (GL) Íslandsmeistarar í holukeppni á Garðavelli á Akranesi.

Handknattleikur. Haukar urðu deildarmeistarar í karlaflokki með 30 stig. Valur varð í öðru sæti með 27 stig og Akureyri í því þriðja með 24 stig. Valsmenn urðu einnig Íslandsmeistarar í karlaflokki eftir sigur á Haukum í úrslitakeppni.

Íþróttamaður ársins 2010 var handboltamaðurinn Alexander Petterson.

Valur varð deildarmeistari í úrvalsdeild kvenna og hlaut 44 stig, Fram varð í öðru sæti með 43 stig og Stjarnan í þriðja með 35 stig. Valur varð Íslandsmeistari eftir 27 ára bið. Úrslitarimman var við Fram og sigraði Valur 3-1. – Í úrslitaleik í bikarkeppninni í karlaflokki sigruðu Haukar Val 22-19. – Í bikarkeppni kvenna sigraði Fram Val með 20 mörkum gegn 19 í úrslitaleiknum.

Íslendingar tóku þátt í Evrópukeppni í karlaflokki í janúar og lentu í riðli með Serbíu, Austurríki og Danmörku. Íslendingar gerðu fyrst jafntefli við Serbíu 29-29 og við Austurríki 37-37. Síðasti leikurinn í riðli Íslands var við Dani og tapaðist hann 22-27. Þegar komið var í milliriðil var fyrst leikið við Króatíu og varð jafntefli 26-26. Íslendingar unnu síðan Rússland 38-30 og Noreg 35-34. Íslendingar urðu í 2. sæti í milliriðlinum en töpuðu síðan fyrir Frökkum 28-36. Síðast var keppt við Pólverja um bronsverðlaun þ.e. þriðja sætið en þeim leik töpuðu Íslendingar 26-29. Þetta er næstbesti árangur karlalandsliðsins í handbolta. Aðeins silfrið í Peking 2008 telst vera betri árangur.

Íslenska kvennalandsliðið tók þátt í Evrópukeppni sem haldin var í Árósum í desember. Íslendingar kepptu í B-riðli og töpuðu öllum leikjum sínum. Fyrst var leikið gegn Króötum og tapaðist sá leikur 25-35. Næst kom Svartfjallaland 23-26 og Rússland 21-30. Norðmenn sigruðu og urðu Evrópumeistarar.

Íshokkí. Skautafélag Akureyrar varð Íslandsmeistari í karlaflokki í íshokkí. Félagið sigraði Björninn í úrslitakeppni 6:2. Íslenska landsliðið keppti í 2. deild á HM í Eistlandi um miðjan apríl. Það varð í þriðja sæti og hreppti með því bronsverðlaunin.

Íþróttamaður ársins. Alexander Petterson handknattleiksmaður var kjörinn íþróttamaður ársins 2010 af íþróttafréttamönnum. Hann hlaut 307 stig af 420 mögulegum. Gylfi Þór Sigurðsson knattspyrnumaður var í öðru sæti með 283 stig og Íris Mist Magnúsdóttir fimleikakona í því þriðja með 171 stig.

Íþróttir fatlaðra. Íslandsmót Íþróttasambands fatlaðra fór fram í mars. Keppt var í sundi, bogfimi, frjálsum íþróttum, lyftingum og borðtennis. 392 keppendur voru á mótinu. – Íslandsmót Íþróttasambands fatlaðra í frjálsum íþróttum fór fram í Reykjavík 5. júní. 44 kepptu á mótinu m.a. spretthlauparinn Haukur

Breiðabliksmenn með Íslandsbikarinn í knattspyrnu sem þeir unnu í fyrsta sinn.

Gunnarsson sem hóf keppni að nýju. Athygli vöktu svonefndar Suðrasystur, Sigríður, Hulda og María Sigurjónsdætur frá Mið-Mörk undir Eyjafjöllum, en þær hrepptu fjölda verðlauna.

Júdó. Á Norðurlandamóti sem haldið var á Íslandi fengu Íslendingar tvenn gullverðlaun, fimm silfurverðlaun og níu bronsverðlaun. Þormóður Jónsson varð Norðurlandameistari í plús 100 kg flokki og Maya Staub sigraði í plús 52 kg flokki kvenna.

Karate. Íslandsmót í kata fór fram í íþróttahúsi Hagaskóla 14.-15. mars. Íslandsmeistari karla varð Elías Snorrason (KFR), en hann keppti í fyrsta sinn á Íslandsmóti enda aðeins 16 ára. Í kvennaflokki sigraði Hekla Helgadóttir (Þórshamri) þriðja árið í röð. Sveitir Þórshamars sigruðu í hópkata bæði í karla- og kvennaflokki.

Íslandsmót í kata og kumite fór fram á Varmá í Mosfellsbæ 20. apríl. Kristján Helgi Carrasco sigraði í karlaflokki en Hekla Helgadóttir í kvennaflokki.

Knattspyrna. Breiðablik varð Íslandsmeistari í knattspyrnu karla utanhúss með 44 stig og markatöluna 47-23. Þetta er í

fyrsta sinn sem Breiðablik verður Íslandsmeistari. FH varð í öðru sæti með sama stigafjölda og ÍBV í 3. sæti með 42 stig. Haukar og Selfoss féllu úr deildinni. Víkingur Reykjavík sigraði í 1. deild með 48 stig og Þór-Akureyri varð í 2. sæti með 43 stig Þessi lið fluttust í úrvalsdeild. Fjarðabyggð og Njarðvík urðu neðst í 2. deild.

Í úrvalsdeild kvenna sigraði Valur með 45 stig og markatölluna 82-15. Þór/KA varð í 2. sæti með 37 stig. Breiðablik kom næst í 3. sæti með 35 stig.

ÍBV og Þróttur Reykjavík sigruðu í 1. deild og flytjast í úrvalsdeild. FH og Haukar urðu neðstir í 1. deild.

Gilles Mbang Ondo (Grindavík), Alfreð Finnbogason (Breiðabliki) og Atli Viðar Björnsson (FH) urðu markahæstir í úrvalsdeild með 14 mörk hver. – Í úrvalsdeild kvenna varð Kristín Ýr Bjarnadóttir (Val) markadrottning með 23 mörk og Mateja Zver (Þór/KA) varð í öðru sæti með 16 mörk. – Alfreð Finnbogason og Dóra María Lárusdóttir (Val) voru valin leikmenn ársins, en Kristinn Steindórsson og Dagný Brynjarsdóttir voru valin efnilegustu knattspyrnumennirnir.

FH sigraði í bikarkeppni karla í annað sinn. Úrslitaleikurinn var við KR og sigraði FH 4-0, dæmdar voru tvær vítaspyrnur á KR og skoraði Matthías Vilhjálmsson úr þeim báðum. Hin mörkin skoruðu Atli Viðar Björnsson og Ólafur Páll Snorrason. Valur varð bikarmeistari kvenna, sigraði Stjörnuna 1-0 með marki Katrínar Jónsdóttur.

Íslendingar léku á árinu 3 landsleiki í undankeppni HM. Fyrst var heimaleikur gegn Norðmönnum 3. september. Norðmenn unnu þennan leik 2-1. Heiðar Helguson skoraði mark Íslands. Næst var leikur gegn Dönum í Kaupmannahöfn 7. september þar sem Danir unnu 1-0. Síðast var svo leikur gegn Portúgölum á Laugardalsvelli 12. október. Portúgalar voru með kappann Christiano Ronaldo í sínu liði, og hann skoraði fyrsta markið eftir aðeins þriggja mínútna leik, en Portúgalar bættu tveimur mörkum við og unnu 3-1. Heiðar Helguson skoraði fyrir Ísland. Íslendingar voru því stigalausir eftir fyrsta árið í sínum riðli, sem var H-riðill.

Íslenska kvennalandsliðið lék sex leiki í sínum riðli í undan-

keppni HM. Fyrst var leikið gegn Serbíu ytra 27. mars og vannst sá leikur 2-0. Hólmfríður Magnúsdóttir skoraði bæði mörkin. Næst var leikið í Króatíu 31. mars og vann Ísland þann leik 3-1. Katrín Jónsdóttir, Margrét Lára Viðarsdóttir og Rakel Logadóttir skoruðu mörkin. Þriðji leikurinn var á Laugardalsvelli 19. júní gegn Norður-Írum og hann unnu Íslendingar 2-0. Mörkin skoruðu Sara Björk Gunnarsdóttir og Katrín Jónsdóttir. 22. júní var aftur leikið á Laugardalsvellinum og nú við Króatíu. Þessi leikur var sigur fyrir Ísland 3-0. Mörkin skoruðu Hólmfríður Magnúsdóttir (2) og Katrín Jónsdóttir og var þetta 100. landsleikur Katrínar. Segja má að úrslitaleikur riðilsins hafi farið fram á Laugardalsvelli 21. ágúst. Þá sigruðu Frakkar Íslendinga 1-0. Einn leikur var þó eftir á árinu og var hann útileikur gegn Eistlandi 25. ágúst. Ísland vann með fimm mörkum gegn engu. Mörkin skoruðu Margrét Viðarsdóttir (2), Sara Björk Gunnarsdóttir (2) og Edda Garðarsdóttir.

Íslandsmeistarar FH léku í 1. umferð forkeppni meistaradeildar Evrópu við Bate, meistaralið frá Hvíta-Rússlandi og töpuðu báðum leikjunum, 5-1 á útivelli og 0-1 á heimavelli. – KR-ingar kepptu við Glentoran á Norður-Írlandi í 1. umferð í UEFA-bikarkeppninni og unnu þá 3-0 heima og gerðu 2-2 jafntefli ytra. Í 2. umferð lentu svo KR-ingar á móti úkraínska liðinu Karpaty Lviv og töpuðu báðum leikjunu gegn því. – Fylkir keppti í forkeppni Evrópudeildar UEFA við hvítrússneska liðið Torpedo Zodino og töpuðu báðum leikjum sínum. Heimaleikurinn tapaðist 1-3 og útileikurinn 3-0. – Breiðablik keppti í 2. umferð forkeppni UEFA og tapaði báðum leikjum sínum gegn skoska liðinu Motherwell 1-0.

Hátt í 100 íslenskir knattspyrnumenn léku erlendis á árinu og náðu fáeinir því að leika í efstu deildum. Nefna má þá sem lengst komust í bresku knattspyrnunni: Grétar Rafn Steinsson lék með Bolton í ensku úrvalsdeildinni, Aron Einar Gunnarsson lék með Coventry í 1. deildinni, Gylfi Þór Sigurðsson lék með Reading í ensku 1. deildinni en var síðan seldur til þýska liðsins Hoffenheim fyrir 6 milljónir punda. Heiðar Helguson var í liði QPR, sem lék í 1. deild, Eggert Gunnþór Jónsson lék með skoska úrvalsdeildarliðinu Hearts. Meðal þeirra sem léku

Snæfellingar fagna sínum fyrsta Íslandsmeistaratitli í körfubolta.

í Skandinavíu voru Veigar Páll Gunnarsson, Stefán Gíslason, Indriði Sigurðsson og Árni Gautur Arason.

Körfuknattleikur. KR-ingar urðu deildarmeistarar í karlaflokki með 36 stig, Keflavík varð í 2. sæti með 34 stig og Grindavík í því þriðja með 32 stig. Snæfellingar urðu Íslandsmeistarar eftir sigur á Keflavík 3:2. Í lokaleiknum sigraði Snæfell 105-69. – Í kvennaflokki urðu KR-ingar deildarmeistarar og Íslandsmeistarar eftir sigur í oddaleik gegn Hamri 3-2. Í lokaleiknum sigraði KR 84-79. – Snæfell varð bikarmeistari í karlaflokki, vann Grindavík 92-81 í úrslitaleik. Í kvennaflokki unnu Haukar bikarinn með sigri á Keflavík 83-77.

Signý Hermannsdóttir (KR) og Hlynur Bæringsson (Snæfelli) voru valin bestu leikmenn ársins.

Kraftlyftingar. Íslandmót var haldið um miðjan mars. Auðunn Jónsson varð Íslandsmeistari karla. Halldór Eyþórsson setti Íslandsmet í 82,5 þyngdarflokki. Hann lyfti 238 kg. María Guðsteinsdóttir sigraði í kvennaflokki. Borghildur Erlingsdóttir setti fjögur Íslandsmet í 60 kg. þyngdarflokki.

Ólympíuleikar. Vetrarólympíuleikarnir voru haldnir í Van-

couver í Kanada dagana 12.-28. febrúar. Íslendingar sendu fjóra keppendur á leikana og tóku þeir þátt í Alpagreinum. Bestum árangri náði Björgvin Björgvinsson en hann varð 43. í stórsvigi af 102 keppendum. Ólympíuleikar fatlaðra fóru fram 12.-22. mars. Erna Friðriksdóttir keppti í Alpagreinum.

Skák. Skákþing Íslands var haldið í apríl. Hannes Hlífar Stefánsson sigraði í 11. sinn í landsliðsflokki.

Reykjavíkurskákmótið var haldið dagana 24. febrúar til 3. mars. Þetta var 25. Reykjavíkurskákmótið. 110 skákmenn kepptu og þar af 20 stórmeistarar. Hannes Hlífar Stefánsson varð efstur ásamt þremur erlendum stórmeisturum.

Skíðaíþróttir. Skíðamót Íslands var haldið á Dalvík og í Ólafsfirði í lok mars. Elsa Guðrún Jónsdóttir frá Ólafsfirði var sigursælust í göngu kvenna og fékk alls fern gullverðlaun þ. á m. í boðgöngu sem Ólafsfirðingar unnu. Akureyringar sigruðu í boðgöngu karla. Þeirra fremsti göngumaður var Andri Steindórsson. Björgvin Björgvinsson frá Dalvík sigraði í svigi og stórsvigi karla sem og í Alpatvíkeppni, en systurnar Íris og María Guðmundsdætur frá Akureyri unnu sigra í Alpagreinum kvenna. María sigraði í svigi en Íris í stórsvigi.

Skvass (veggtennis). Íslandsmót var haldið í Reykjavík 24. apríl. Kim Magnús Nielsen sigraði í karlaflokki í 15. sinn. Hann vann sigur á Þorbirni Jónssyni 3-0 í úrslitaleik um efsta sætið. Rósa Jónsdóttir sigraði í kvennaflokki. Hún vann sigur á Ágústu Ólafsdóttur í úrslitaleik.

Skylmingar. Íslandsmót í skylmingum með höggsverðum fór fram í skylmingamiðstöðinni í Laugardal 21.-22. nóvember. Ragnar Ingi Sigurðsson (FH) sigraði í opnum flokki karla í 13. sinn. Gunnar Egill Ágústsson (FH) varð í öðru sæti. Þorbjörg Ágústsdóttir (SFR) sigraði í kvennaflokki í sjötta sinn á sjö árum. Gunnhildur Garðarsdóttir varð í öðru sæti. FH sigraði í liðakeppni.

Norðurlandamót í skylmingum var haldið í Finnlandi í lok apríl. Ragnar Ingi Sigurðsson varð Norðurlandameistari í karlaflokki og Þorbjörg Ágústsdóttir í kvennaflokki.

Sund. Sundmeistaramót Íslands innanhúss í 50 m laug var haldið í Laugardalslaug 19.-20. mars. Eygló Ósk Gústafsdóttir

var sigursælust á mótinu og fékk 8 gullverðlaun. Bryndís Rún Hansen úr sundfélaginu Óðni á Akureyri setti eina Íslandsmetið, sem sett var á mótinu, 27,85 í 50 m flugsundi. Jakob Jóhann Sveinsson fékk Sigurðarbikarinn fyrir besta afrek mótsins.

Bikarkeppni í sundi var haldin í Vatnaveröld í Reykjanesbæ í lok maí. Sundfélagið Ægir sigraði í 1. deild kvenna með 14.904 stig, Íþróttabandalag Reykjanesbæjar varð í öðru sæti og Sundfélag Hafnarfjarðar í því þriðja. Sundfélag Hafnarfjarðar sigraði í karlaflokki með 14.420 stig, en Ægir varð í öðru sæti með 13.895 stig og Íþróttabandalag Reykjanesbæjar í því þriðja með 12.305 stig. Hrafnhildur Lúthersdóttir fékk flest stig kvenna, 2.215 en Jakob Jóhann Sveinsson hjá körlum 2.202.

Íslandsmót í 25 m laug var haldið í Laugardalslaug 14.-15. september, sett voru nokkur Íslandsmet. Eygló Ósk Gústafsdóttir setti tvö Íslandsmet í 100 m baksundi á 1.02,18 og 200 m baksundi á 2.12,38. Hrafnhildur Lúthersdóttir (SH) setti met í 400 m fjórsundi á 4.47,58. Hún var í boðsundssveit SH sem setti Íslandsmet. Sveit SH setti einnig met í 4x100 m skriðsundi á 3.31,52. Loks setti Ragnheiður Ragnarsdóttir (KR) met í 100 m skriðsundi á 54,65 mín.

Hrafnhildur Lúthersdóttir varð í 16. sæti í 100 m bringusundi í desember á heimsmeistaramóti í 25 m laug í Dubai á tímanum 1.07,30. Jakob Jóhann Sveinsson varð 27. af 57 keppendum í 200 m bringusundi, 2.10,92.

Tennis. Íslandsmót í tennis innanhúss var haldið í tennishöllinni í Kópavogi í byrjun apríl. Raj Kumar Bonifacius varð Íslandsmeistari í karlaflokki og Sandra Dís Kristjánsdóttir í kvennaflokki.

Íslandsmót utanhúss var haldið í byrjun ágúst í Kópavogi. Arnar Siguðsson (TFK) varð Íslandsmeistari í karlaflokki og í kvennaflokki varð Sandra Dís Kristjánsdóttur (TFK) Íslandsmeistari. Arnar og Sandra sigruðu einnig í tvíliðaleik.

Kirkjan á Skarði á Landi.

KIRKJAN

Prestastefnan var haldin í Garðabæ í lok apríl. Biskup taldi í setningarræðu sinni að siðferðisgrunnur samfélagsins hafi gliðnað og sagði: „Grunnstoðir samfélagsins gengu úr skorðum, löskuðust, ýmsar hrundu. Og svo bifuðust kraftar náttúrunnar, eldur kom upp, vatnsflóð dundu og askan og eimyrjan féllu yfir byggðirnar.“ – Mikið var rætt á prestastefnunni um vígslu samkynhneigðra. Þá var rætt um mál Ólafs Skúlasonar biskups, sem dregið var fram í dagsljósið. Mikill áróður var um þessar mundir rekinn gegn kirkjunni.

Kirkjuþing, hið 41. í röðinni, var haldið í Grensáskirkju í Reykjavík í nóvember. Rætt var um fjármuni kirkjunnar og tekin ákvörðun um fækkun prófastsdæma úr 12 í 9. Þá var talað um sölu á 26 fasteignum í eigu kirkjunnar. Meðal þeirra voru prestssetur í Hraungerði í Flóa, Holti undir Eyjafjöllum og Mosfelli í Grímsnesi. Alls voru lögð 38 mál fyrir kirkjuþingið. Þriggja manna nefnd var skipuð til þess að rannsaka starfshætti kirkjunnar og viðbrögð vegna ásakana á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi.

Herra Karl Sigurbjörnsson og séra Geir Waage ræðast við á Biskupsstofu. Mynd af Ólafi Skúlasyni á vegg.

Þessir guðfræðingar tóku vígslu á árinu:

Cand. theol. Bryndís Valbjarnardóttir til prestsþjónustu í Fríkirkjusöfnuðinum í Reykjavík (16. maí).

Cand. theol. Kristinn Ólason til prestsþjónustu í Skálholti (24. október).

Séra Hildur Eir Bolladóttir var skipuð prestur í Akureyrarprestakalli, Eyjafjarðarprófastsdæmi frá 1. júní.

Séra Arna Ýrr Sigurðardóttir var skipuð prestur í Glerárprestakalli, Eyjafjarðarprófastsdæmi frá 1. júní.

MANNALÁT

Nokkur úr hópi látinna (getið er starfs, sem hinn látni er einkum þekktur fyrir).

5. jan.: Pétur Sigurðsson framkv.stj. á Breiðdalsvík
f. 22. janúar 1917.

6. jan.: Jón Kornelíus Jónsson úrsmíðameistari
f. 8. apríl 1915.

7. jan.: Stefán Sörensson háskólaritari
f. 24. október 1926.

9. jan.: Halldór Bjarnason sagnfræðingur
f. 27. október 1959.

9. jan.: Sigurður Guðmundsson vígslubiskup
f. 16. apríl 1920.

10. jan.: Marteinn H. Friðriksson organisti
f. 24. apríl 1939.

10. jan.: Björn Önundarson tryggingayfirlæknir
f. 6. apríl 1927.

10. jan.: Hjörleifur Sigurðsson listmálari
f. 26. október 1925.

13 jan.: Gunnlaugur Finnsson bóndi í Hvilft og alþm.
f. 11. maí 1928.

13. jan.: Katrín J. Smári varaþingm. Alþýðuflokks
f. 22. júlí 1911.

13. jan.: Bjarni S. Bachmann forstöðumaður
f. 27. apríl 1919.

13. jan.: Þrándur Thoroddsen kvikmyndaleikstjóri
f. 17. júní 1931.

14. jan.: Guðmundur Lárusson frjálsíþróttamaður
f. 23. nóvember 1925.

14. jan.: Sigurður Elí Haraldsson kaupmaður
f. 16. nóvember 1928.

15. jan.: Eggert Steinsen verkfræðingur og bæjarf.
f. 5. desember 1924.

1. febr.: Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra.
f. 22. júní 1928.

3. febr.: Björn Jónsson skólastj. og skógræktarmaður
f. 3. júlí 1932.

4. febr.: Sigsteinn Pálsson bóndi á Blikastöðum
f. 16. febrúar 1905. Elsti karlmaður á Íslandi.
7. febr.: Ruth Little Magnússon söngkona
f. 31. júlí 1935.
15. febr.: Ármann Snævarr háskólarektor
f. 18. sept 1919.
15. febr.: Þorsteinn Geirsson ráðuneytisstjóri
f. 15. febrúar 1941.
2. mars: Jón Hnefill Aðalsteinsson prófessor
f. 29. mars 1927.
5. mars: Knútur Hallsson ráðuneytisstjóri
f. 30. desember l925.
7. mars: Finnbogi K. Eyjólfsson sölustjóri
f. 25. júlí 1925.
9. mars: Jens P. Guðjónsson gullsmíðameistari
f. 21. júlí 1921.
9. mars: Katrín Kristjana Thors leikkona
f. 10. mars 1929.
12. mars: Ingimar Sveinbjörnsson flugstjóri
f. 25. desember 1933.
14. mars: Eggert Magnússon listmálari
f. 10. mars 1915.
16. mars: Páll Ólafsson bóndi í Brautarholti
f. 16. mars 1930.
17. mars: Marías Þ. Guðmundsson framkvæmdstj.
f. 13. apríl 1922.
30. mars: Jón Magnússon sýslumaður
f. 30. nóvember 1926.
4. apríl: Jón Böðvarsson kennari og leiðsögum.
f. 2. maí 1940.
12. apríl: Sigurveig Guðmundsdóttir kennari
f. 6. september 1909.
14. apríl: Þorvaldur Garðar Kristjánsson forseti Alþingis.
f. 10. október 1919.
22. apríl: Þorkell Grímsson safnvörður
f. 13. apríl 1929.
4. maí: Sigurður Sveinsson borgarfógeti
f. 27. janúar 1923.

7. maí: Fríða Á. Sigurðardóttir rithöfundur
f. 11. desember 1940.
15. maí: Séra Erik Sigmar prestur í Vesturheimi
f. 12. júní 1922.
21. maí: Halldór J. Jónsson safnvörður
f. 17. október 1920.
21. maí: Ólafur B. Finnbogason kaupmaður
f. 14. desember 1918.
23. maí: Einar B. Kvaran kaupmaður
f. 9. nóvember 1947.
23. maí: Filippus Hannesson bóndi á Núpsstað
f. 2. desember 1909.
23. maí: Þórhallur Halldórsson mjólkurverkfræðingur
f. 8. desember 1922.
27. maí: Séra Bragi Friðriksson sóknarprestur
f. 15. mars 1927.
28. maí: Jón Eiríksson bóndi í Vorsabæ á Skeiðum
f. 20. október 1921.
31. maí: Erla Elíasdóttir aðstoðarháskólaritari
f. 8. apríl 1925.
31. maí: Jón Jónsson fiskifræðingur
f. 9. júlí 1919.
1. júní: Birgir Finnsson alþm. og forseti Sameinaðs þings.
f. 19. maí 1917.
3. júní: Herra Pétur Sigurgeirsson biskup
f. 2. júní 1919.
4. júní: Árni G. Pétursson ráðunautur Bún. fél. Ísl.
f. 4. júní 1924.
4. júní: Gunnar Helgason hrl.
f. 18. ágúst 1923.
12. júní: Stefán Eiríksson slökkviliðsstjóri
f. 3. október 1934.
13. júní: Guðmundur Georgsson læknir
f. 11. janúar 1932.
20. maí: Sveinn Ólafsson myndskeri
f. 27. apríl 1925.
27 júní: Gísli Sigurðsson ritstj. Lesbókar Mbl.
f. 3. desember 1930.

27. júní: Þorgeir Einarsson tækniskólakennari
f. 24. júní 1927.
28. júní: Kjartan G. Ottósson prófessor
f. 14. janúar 1956.
30. júní: Kjartan Guðjónsson listmálari
f. 21. apríl 1921.
4. júlí: Haraldur Þórarinsson fréttaritari í Kvistási
f. 27. maí 1928.
13. júlí: Sonja B. Helgason forstjóri Nestis
f. 24. apríl 1924.
17. júlí: Gylfi Baldursson talmeinafræðingur
f. 8. nóvember 1937.
19. júlí: Jakob Smári prófessor
f. 11. janúar 1950.
20. júlí: Benedikt Gröndal forsætisráðherra
f. 7. júlí 1924.
20. júlí: Jón Trausti Eyjólfsson hárskeri
f. 22. nóvember 1927.
29. júlí: Ingólfur Hjartarson hrl.
f. 7. september 1942.
4. ágúst: Bogi Ingimarsson hrl.
f. 16. júní 1929.
5. ágúst: Þórður Bjarnar Hafliðason Íslandsmeistari
í svifflugi.
f. 20. mars 1932.
6. ágúst: Auður Jónasdóttir kennari
f. 1. apríl 1913.
15. ágúst: Guðrún Vilmundardóttir húsmóðir
f. 7. desember 1918.
17. ágúst: Oddur Benediktsson prófessor
f. 5 júní 1937.
18. ágúst: Stefán Bjarnason verkamaður
f. 7. maí 1910.
22. ágúst: Séra Ágúst Sigurðsson sóknarpr. og fræðim.
f. 15. mars 1938.
24. ágúst: Steinn Þ. Steinsson héraðsdýralæknir
f. 4. febrúar 1931.

28. ágúst: Björn Ingvarsson yfirborgardómari
f. 20. maí 1917.
30. ágúst: Kristán J. Gunnarsson fræðslustjóri
f. 29. nóvember 1919.
3. sept.: Heimir Þór Gíslason skólastjóri
f. 15. mars 1931.
5. sept.: Þórunn Gestsdóttir blaðamaður
f. 29. ágúst 1941.
7. sept.: Gunnlaugur Snædal læknir
f. 13. október 1924.
11. sept.: Baldur Pálmason útvarpsmaður
f. 17. desember 1919.
15. sept.: Kristinn Kristmundsson skólameistari
f. 8. sept. 1937.
23. sept.: Jóhann Ágústsson aðstoðarbankastjóri
f. 4. maí 1930.
26. sept.: Jóhannes Arason útvarpsþulur
f. 15. mars 1920.
1. okt.: Jón Baldvinsson listmálari
f. 29. október 1927.
2. okt.: Séra Magnús Guðjónsson sóknarprestur
f. 26. júní 1926.
5. okt.: Hörður Haraldsson kennari og frjálsíþróttam.
f. 3. júlí 1941.
5. okt.: Rúnar I. Sigfússon verkfræðingur
f. 10. janúar 1949.
19. okt.: Hrafnkell Helgason yfirlæknir
f. 28. mars 1928.
20. okt.: Benedikt Bjarnason kaupm. í Bolungarvík
f. 9. maí 1925.
21. okt.: Hreinn Halldórsson kaupmaður í Melabúðinni
f. 29. júlí 1935.
22. okt.: Hilmar Ingimundarson hrl.
f. 27. nóvember 1938.
26. okt.: Egill Ágúst Jacobsen læknir
f. 19. ágúst 1933.
30. okt.: Ingi R. Jóhannsson endurskoðandi og skákm.
f. 5. desember 1936.

6. nóv.: Hannes Flosason tónlistarkennari
f. 12. mars 1931.
11. nóv.: Guðmundur Jónsson píanóleikari
f. 13. nóvember 1929.
21. nóv.: Garðar Pálsson skipherra
f. 22. mars 1922.
22. nóv.: Jón G. Bergmann aðalgjaldkeri Iðnaðarb.
f. 31. október 1930.
24. nóv.: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir fomaður Landssamb.
ísl. verslunarmanna og varaforseti ASÍ
f. 19. ágúst 1949.
25. nóv.: Séra Sigurður Sigurðarson vígslubiskup
f. 30. maí 1944.
27. nóv.: Erlingur Þráinn Jóhannsson forstöðumaður
f. 10. október 1944.
27. nóv.: Sigfús Haukur Andrésson sagnfræðingur
f. 8. ágúst 1922.
28. nóv.: Elsa E. Guðjónsson deildarstjóri textíldeildar á
Þjóðminjasafni.
f. 21. mars 1924.
6. des.: Geir Hlíðberg Guðmundsson læknir
f. 11. ágúst 1953.
12. des.: Friðrik Helgi Jónsson prófessor
f. 13. nóvember 1951.
12. des.: Sólveig Guðmundsdóttir lögfræðingur
f. 18. nóvember 1948.
22. des.: Grétar Áss Sigurðsson viðskiptafræðingur
f. 22. október 1935.

NÁTTÚRA ÍSLANDS

Eldgos

Um klukkan 23.30 hinn 20. mars opnaðist um 500 m löng eldsprunga á Fimmvörðuhálsi. Hraunrennsli var nokkuð úr tveimur gígum sem nefndir voru síðar Magni og Móði og hraunið sem rann frá þeim var nefnt Goðahraun. Það féll um tvö gil niður í Þórsmörk. Eldgosinu á Fimmvörðuhálsi virtist vera lokið 13. apríl.

Frá eldgosinu á Fimmvörðuhálsi.

Nýtt gos hófst aðfaranótt 14. apríl á hábungu Eyjafjallajökuls. Afleiðingar þessa goss urðu miklu meiri en hins fyrra. Hamfaraflóð ruddist niður Gígjökul í farveg Markarfljóts og rauf hringveginn. Grafnir voru skurðir til þess að bjarga Markarfljótsbrúnni. Um 700 manns urðu að flýja heimkynni sín vegna hættuástands. Fóru þeir m.a. í húsakynni sem björgunarsveitarmenn útbjuggu á Hvolsvelli.

Gjóskustrókur barst upp í efri loftlög og þótti nauðsynlegt að fella niður flugferðir um mikinn hluta Norður-Atlantshafs og Vestur-Evrópu. Féllu flugferðir niður í tæpa viku í apríl. Flugbannið hófst 15. apríl en því lauk að mestu 21. apríl. Flugfélög urðu fyrir miklu fjártjóni og farþegar misstu af ferðum sínum.

Öskufall var mikið víða um Suðurland en mest undir Eyjafjöllum, í Mýrdal og Þórsmörk. Bændur höfðu miklar áhyggjur af skepnum sínum en þær virtust geta staðið þetta af sér. Eitthvað af skepnum var flutt í önnur héröð. Öskufall stóð yfir í rúman mánuð. Þannig var mikið öskufall 18. maí og flugáætlanir fóru aftur úr skorðum. Í apríl og maí dró úr ferðamannastraumi til landsins og óttuðust margir hrun í þessari

Gosmökkur stígur upp af Eyjafjallajökli 20. apríl. Seljalandsfoss til hægri.

atvinnugrein einkum á Suðurlandi. Til þess kom þó ekki enda var miklum fjármunum varið til þess að kynna landið. Eyjafjallajökull reyndist hafa áframhaldandi aðdráttarafl fyrir

Öskufall úr Eyjafjallajökli nálgast byggðina.

ferðamenn. Gosinu í jöklinum var talið lokið í kringum 25. maí.

Hlaup, flóð og skriður

Seint í júní kom hlaup úr austari sigkatlinum í Skaftárjökli. Það var með þeim stærstu sem vitað er um eða 1.400 rúmmetrar á sekúndu. Fyrr í mánuðinum kom hlaup úr vestari katlinum og var það um 600 rúmmetrar á sekúndu. Magn þessara hlaupa var mælt við Sveinstind.

Jarðskjálftar

Fyrri hluta ársins fundust tíðir jarðskjálftakippir undir Eyjafjallajökli.

Dýraríkið

27. janúar varð vart við hvítabjörn á Sævarlandi í Þistilfirði, nálægt eyðibýlinu Óslandi. Lögregla var látin vita og með leyfi umhverfisráðherra var björninn skotinn. Þetta reyndist vera þriggja ára birna. Talið er að um 500 hvítabirnir hafi sést hér við land frá landnámsöld. – Leyft var að veiða 1.272

hreindýr. – 148 langreyðar veiddust á hvalvertíðinni, en stofn langreyða er talinn vera um 22.100 dýr. Hrefnustofninn er mun stæri eða um 53.000 dýr. Af honum voru þó aðeins veiddar 60 hrefnur. – Talsvert fleiri rjúpur veiddust en Náttúrufræðistofnun og Umhverfisstofnun gáfu leyfi til. Umframveiðin hefur að líkindum verið um 30%. – Fálkastofninn var talinn frekar lítill eða um 1.500 fuglar. – Í talningu á hreiðrum dílaskarfs reyndust þau vera 5.250, öll við Breiðafjörð.

Hvalreki – Rostungur

Um 20. ágúst rak steypireyð á land við eyðibýlið Ásbúðir á Skaga. Hvalurinn var 21,8 m á lengd. – Rostungur sást í fjöru í mynni Flateyjardals í byrjun september. Síðast sást rostungur við landið árið 2008.

PRÓF

Lokapróf við Háskóla Íslands

Alls brautskráðust 2.650 kandídatar frá H.Í. á árinu 2010 (1.901 árið áður).

Eftir sviðum og deildum skiptust kandídatar þannig :

1. *Félagsvísindasvið* 909, sem skiptist þannig á deildir: Félags- og mannvísindadeild 209, félagsráðgjafadeild 100, hagfræðideild 68, lagadeild 166, stjórnmálafræðideild 117, viðskiptafræðideild 249.

2. *Heilbrigðisvísindasvið* 465, sem skiptist þannig á deildir: Hjúkrunarfræðideild 148, lyfjafræðideild 45, læknadeild 168, matvæla- og næringarfræðideild 13, sálfræðideild 82, tannlæknadeild 9.

3. *Hugvísindasvið* 310, sem skiptist þannig á deildir: Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda 98, guðfræði- og trúarbragðafræðideild 23, íslensku- og menningardeild 120, sagnfræði- og heimspekideild 69.

4. *Menntavísindasvið* 626, sem skiptist þannig á deildir: Íþrótta, tómstunda- og þroskaþjálfadeild 111, kennaradeild 442, uppeldis- og menntunarfræðideild 73.

5. *Verkfræði- og náttúruvísindasvið* 340, sem skiptist þannig

Brautskráning úr grunnnámi í læknisfræði í júní. Embættismenn HÍ f.v.: Guðmundur Þorgeirsson (deildarforseti læknadeildar), Sigurður Guðmundsson (sviðsforseti heilbrigðisvísindasviðs) og Kristín Ingólfsdóttir rektor.

á deildir: Iðnaðarverkfræði, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild 133, jarðvísindadeild 23, líf- og umhverfisvísindadeild 84, rafmagns- og tölvuverkfræðideild 17, raunvísindadeild 46, umhverfis- og byggingaverkfræðideild 37.

Lokapróf við Háskólann á Akureyri

Háskólinn á Akureyri brautskráði 376 nemendur árið 2010 (289 árið áður).

Heilbrigðisvísindasvið (76): Dipl.Sc. í heilbrigðisvísindum 6, M.S.-próf heilbrigðisvísindum 13, B.S.-próf í hjúkrunarfræði 46, B.S.-próf í iðjuþjálfunarfræði 11.

Viðskipta- og raunvísindadeild (86): B.S.-próf í líftækni 3, B.S.-próf í sjávarútvegsfræði 1, B.S.-próf í umhverfis- og orkufræði 8, M.S.-próf í auðlindafræði 3, B.S.-próf í tölvunarfræði 7, B.S.-próf í viðskiptafræði 51, M.S.-próf í viðskiptafræði 5, M.R.M. Próf í haf- og strandsvæðastjórnun 8.

Hug-og félagsvísindasvið (214): B.A.-próf í nútímafræði

5, B.A.-próf í fjölmiðlafræði 5, B.A.-próf í samfélags- og hagþróunarfræði 8, B.A.-próf í sálfræði 13, B.A.-próf í lögfræði 14, LL.M próf í lögfræði 12, B.A.-próf í þjóðfélagfræði 6, LL.M próf í lögfræði, heimskautarétti 6, Dipl. í lögfræði, heimskautarétti 6, B.ed.-próf í grunnskólakennarafræði 20, B.ed. próf í leikskólakennarafræði 14, kennslufræði til kennsluréttinda á bakkalárstigi 80, kennslufræði til kennsluréttinda á meistarastigi 17, Dipl.Ed.-próf í menntunarfræði 12, M.Ed.-próf í menntunarfræði 13.

Lokapróf við Háskólann í Reykjavík

Háskólinn í Reykjavík brautskráði 858 nemendur árið 2010 (719 árið áður).

Frumgreinapróf: 61.

Kennslufræði- og lýðheilsudeild (103): B.Sc.-próf í íþróttafræði 30, diplóma í kennslufræði 25, diplóma í stærðfræði 1, M.Ed.-próf í stærðfræði/raungreinum og kennslufræði 3, meistaranám í stjórnun heilbrigðisþjónustu og lýðheilsu 18, meistaranám í lýðheilsu- og kennslufræðum 2, meistaranám í lýðheilsufræðum 24.

Lagadeild (110): B.A.-próf í lögfræði 52, meistarapróf í lögfræði 58.

Viðskiptadeild (299): MBA-próf 53, MSc.-próf í fjármálum fyrirtækja 23, BSc. próf í viðskiptafræði 153, diplóma í fjármálum og rekstri 6, diplóma í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum 1, diplóma í stjórnun og starfsmannamálum 9, MSc-próf í fjárfestingarstjórnun 16, MSc-próf í reikningshaldi og endurskoðun 110, MSc-próf í alþjóðaviðskiptum 32.

Tækni- og verkfræðideild (216): Flestir kandídatar voru í eftirtöldum greinum: Diplóma í byggingaiðnfræði 28, B.Sc. í byggingatæknifræði 15, B.Sc. í fjármálaverkfræði 24, diplóma í rafiðnfræði 21, B.Sc. í hátækniverkfræði 12, B.Sc í rekstrarverkfræði 44.

Tölvunarfræði (69): B.Sc. í tölvunarfræði 46,

diplóma í kerfisfræði 9, M.Sc. í tölvunarfræði 2, M.Sc í máltækni 1, B.Sc. í hugbúnaðarvekfræði 3, B.Sc. Ed. í stærðfræði 8, Doktorsnám í tölvunarfræði 1.

Hús Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.

Lokapróf frá Háskólanum á Bifröst

Háskólinn á Bifröst brautskráði 274 nemendur á árinu 2010.

Símenntun: 40.

Prisma: 36.

Frumgreinadeild – staðnám: 9.

Frumgreinadeild – fjarnám: 17.

Lögfræðideild: B.S.-próf í viðskiptalögfræði 26, M.S.-próf í lögfræði 26.

Félagsvísindadeild: B.A.-próf í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði 22, M.S.-próf í félagsvísindum 5.

Viðskiptafræðideild: B.S.-próf í viðskiptafræðum – staðnám 41, B.S.-próf í viðskipafræðum – fjarnám 33, M.S.-próf í viðskiptafræðum 18, diplóma í fjármálum og stjórnun 3.

Lokapróf frá landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri

Landbúnaðarháskólinn brautskráði 62 nemendur á árinu 2010.

Auðlindadeild: B.S.-próf í búvísindum 7.

Umhverfisdeild: B.S.-próf í náttúru- og umhverfisfræði 4, B.S.-próf í umhverfisskipulagi 21, B.S.-próf í skógfræði 1.

S*tarfsmenntadeild*: Búfræði 24, garðyrkjuframleiðsla 2.

Meistaranám í skipulagsfræði 3.

Lokapróf frá Hólaskóla, háskólanum á Hólum

Hólaskóli, háskólinn á Hólum, brautskáði 68 nemendur (72 árið áður).

Diplóma í ferðamálafræði 7, Diplóma í viðburðastjórnun 3, Diplóma í fiskeldisfræði 1, Diplóma í tamningum 19, Diplóma í reiðkennslu og þjálfun 7, Hestafræðingar og leiðbeinendur 27, B.S. í hestafræðum 4.

Doktorspróf

Bandaríkin

Úlfar F. Stefánsson í stærðfræði við Georgia Institute of Technology *í* Atlanta. Ritgerðin fjallar um aðfelluhegðun þverstæðra Muntz-margliðna og núllstöðva þeirra

England

Jóhannes Páll Magnússon í lyfjafræði frá háskólanum í Nottingham. Ritgerðin fjallar um notkun og þróun nýrra fjölliðuaðferða til að bæta stöðugleika, sérhæfni og aðgengi próteina fyrir lyfjameðferð.

Magnús Gestsson í safnafræði frá háskólanum í Leicester. Ritgerðin fjallar um gallerista í samhengi við kenningar fræðimanna um listheiminn.

Frakkland

Rósa Rut Þórisdóttir í mannfæði og félagsvísindum við Parísarháskóla. Ritgerðin fjallar um norðurslóðir í myndum, þ.e. heimildarmyndum menningarlandfræðingsins Jean Malaurie.

Holland

Magnús Bjarnason í hagfræði við Universiteit van Amsterdam. Ritgerðin nefnist: The Political Economy of Joining the European Union.

Írland

Una Bjarnadóttir í lífefnafræði við University College í Dublin. Ritgerðin fjallar um virkjun og virkjunarferli cAMP-dependentprotein kínasa.

Frá doktorsvörn Carlosar Davíðs Magnússonar í efnafræði.

Ísland

Árni Sigurður Ingason í eðlisfræði frá Háskóla Íslands. Ritgerðin nefnist: Nanostructured Thin Films, Growth characterization and Properties.

Ásdís Huld Björnsdóttir í líffræði við læknadeild Háskóla Íslands. Ritgerðin nefnist: Erfðabreytingar á bakteríunni Rhodothermus Marinus.

Ásta Björk Jónsdóttir í líf- og læknavísindadeild Háskóla Íslands. Ritgerðin nefnist: Hlutverk BRCA2 próteinsins og hreyfanleiki deilikorna í frymisskiptingu, sem könnuð er með rauntímamyndgreiningu í lifandi frumum.

Benedikta Steinunn Hafliðadóttir í læknisfræði frá Háskóla Íslands. Ritgerðin nefnist: Varðveisla Mitf-gensins, hlutverk í ávaxtaflugunni og áhrif micro-RNA sameinda.

Bjarki Jóhannesson í líffræði við Háskóla Íslands.

Björn Agnarsson í verkfræði við Háskóla Íslands.

Carlos Davíð Magnússon í efnafræði við Háskóla Íslands. Ritgerðin nefnist: Ether Lipids: Synthesis of Structured Diacyl Glyceryl Ethers and Methoxylated 1-0 Alkyl-SN- Glycerols.

Edda Sigurdís Oddsdóttir í líffræði við Háskóla Íslands. Ritgerðin nefnist: Distribution and Identification of Ectomycorrhizal and Insect Pathogenic Fungi in Icelandic Soil and their Mediation of Root-Hebivore Interactions in Afforestation.

Elsa Albertsdóttir í erfða- og kynbótafræði frá Landbúnaðarháskólanum í Hanneyri 11. nóvember (fyrsta doktorspróf frá þessum skóla). Ritgerðin nefnist: Samþætt kynbótamat kynbóta-, keppnis- og mætingareiginleika íslenskra hrossa.

Erling Jóhann Brynólfsson í jarðfræði frá Háskóla Íslands.

Esther Rut Guðmundsdóttir í jarðfræði frá Háskóla Íslands. Ritgerðin nefnist: Tephra Stratigraphy and Land-Sea Correlations: a Tephrochronological Framework Based on Marine Sediment Cores off North Iceland.

Eyjólfur Reynisson í líffræði frá Háskóla Íslands. Ritgerðin nefnist: Breytingar á örveirusamfélögum í skemmdarferli fiskafurða. Sameindalíffræðileg rannsókn ásamt þróun hraðvirkra greiningarprófa á sérvirkum skemmdarörverum.

Harpa Helgadóttir frá líf- og læknavísindadeil Háskóla Íslands. Ritgerðin nefnist: Rannsókn á stöðugleikakerfi herðablaðs hjá sjúklingum með verki í hálshrygg.

Ívar Örn Benediktsson í jarðfræði frá Háskóla Íslands. Ritgerðin nefnist: Jökulgarðar og jaðarferli framhlaupsjökla: rannsóknir við Brúarjökul og Eyjabakkajökul.

Lárus Steinþór Guðmundsson í líf- og læknavísindum frá Háskóla Íslands. Ritgerðin nefnist: Tengsl mígrenis, blóðþrýstings og bólgusvars vegna hjarta- og æðasjúkdóma.

Magnús Haraldsson í læknisfræði við Háskóla Íslands. Ritgerðin nefnist: Eye Movements and Schizophrenia Risk Genes.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands. Ritgerðin nefnist: Tólf alda tryggð. Athugun á þróun stuðlasetningar frá elsta þekktum norrænum kveðskskap fram til nútímans.

Rannveig Björnsdóttir í líffræði frá Háskóla Íslands. Ritgerðin nefnist: The Bacterial Community during Early Production Stages and Intensively reard Halibut (Hippoglossus hippoglosus).

Sigurður Örn Stefánssson í eðlisfræði frá Háskóla Íslands

Sigurjón Árni Guðmundsson í rafmagns- og tölvuverkfræði frá Háskóla Íslands.

Skarphéðinn Halldórsson í líffræði frá Háskóla Íslands. Ritgerðin nefnist: Modelling Bronchial Epithelial Defense Mechanism.

Snædís Huld Björnsdóttir í líffræði frá Háskóla Íslands. Ritgerðin nefnist: Erfðabreytingar á bakteríunni Rhodothermus Marinus.

Steinn Guðmundsson í verkfræði frá Háskóla Íslands. Ritgerðin nefnist: Time Series Classification.

Sædís Ólafsdóttir í jarðfræði við Háskóla Íslands. Ritgerðin nefnist: Holocene Marine and Lacrustine Paleoclimate and Paleomagnetic Records from Iceland: Land-sea Correlations.

Unnur Birna Karlsdóttir í sagnfræði frá Háskóla Íslands. Ritgerðin nefnist: Náttúrusýn og nýting fallvatna: Um viðhorf til náttúru og vatnsaflsvirkjana á Íslandi 1900-2008.

Þórhallur Örn Guðlaugsson í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Ritgerðin nefnist: Þjónustustjórnun: Markaðs- og þjónustuáhersla í opinbera geiranum.

Þrándur Helgason í matvælafræði frá Háskóla Íslands.

Þuríður Jóna Jóhannsdóttir í menntavísindum frá Háskóla Íslands. Ritgerðin nefnist: Teacher Education and School-based Distance Learning. Individual and Systemic Development in Schools and a Teacher Education Progamme.

Skotland

Bergur Sigfússon í jarðvegsfræði frá Háskólanum í Aberdeen. Ritgerðin fjallar um uppruna frumefnisins arsens og hreyfingu þess með grunnvatnsstraumum

Guðmundur Andri Hjálmarsson í heimspeki frá St. Andrews Háskólanum. Ritgerðin nefnist: What if ?: Enquiry into Semantics of Natural Language Conditionals.

Ingibjörg J. Guðmundsdóttir í læknisfræði frá Háskólanum í Edinborg. Ritgerðin fjallar um áhrif þrombín-viðtaka í æðakerfi manna. Rannsóknin fjallar um árin 2004-2007.

Margt var um manninn á Háskólatorgi haustið 2010, þegar haldnir voru nýnemadagar.

Svíþjóð

Ásgeir Logi Kristjánsson í læknisfræði frá Karolinska Institutet í Stokkhólmi. Ritgerðin nefnist: Building the Basis for Primary Prevention; Factors related to Cigarette Smoking and Alcohol Use among Adolescents.

Kristinn Björgvin Gylfason í rafmagnsverkfræði frá Kungliga Tekniska Högskolan í Stokkhólmi.

Kristín Anna Þórarinsdóttir frá háskólanum í Lundi. Ritgerðin nefnist: The Influence of Salting Procedures on the Characteristics of Heavy Salted Cod.

Stúdentspróf

Stúdentafjöldi frá stærstu framhaldsskólunum á árinu 2010 var sem hér segir: Frá Menntaskólanum í Reykjavík 193 (181 árið áður), Menntaskólanum á Akureyri 183 (143), Verzlunarskóla Íslands 297 (280), Menntaskólanum við Hamrahlíð 261, þ.e. 174 um vorið og 87 um haustið, Menntaskólanum við Sund 122 (128), Fjölbrautaskólanum í Breiðholti 170, Kvennaskólanum í Reykjavík 131, Menntaskólanum í Kópavogi 70.

RAFORKUMÁL

Aðalverkefni Landsvirkjunar á árinu 2010 var áfram undirbúningur vegna Búðarhálsvirkjunar í Tungnaá með 80 megavatta framleiðslugetu. Voru byggingaframkvæmdir við þessa virkjun boðnar út í júní. Í október var samið við Ístak um byggingu stöðvarhúss, stíflu og aðkomuganga. Byrjað var á að grafa fyrir stöðvarhúsi, sveifluþró o.fl. Var verktakinn með um 50 manns í vinnu um áramót 2010-11. Í október voru svo opnuð tilboð í vélbúnað og rafbúnað. Tilboð bárust frá fjórum erlendum fyrirtækjum. Tekið var tilboði frá þýska fyrirtækinu Voith-Hydro. Gert er ráð fyrir tveimur 40 MW vélum en í viðauka við samninginn var talað um að samanlagt afl vélanna gæti farið í 95 MW. Í nóvember var síðan auglýst útboð á þrýstivatnspípum og skyldi opna þau tilboð í janúar 2011. Gert er ráð fyrir að orkuvinnsla hefjist í Búðarhálsvirkjun í lok árs 2013.

Hægt miðar enn með ákvarðanir vegna virkjana í neðri hluta Þjórsár en unnið var áfram að undirbúningi virkjunar háhitasvæða í Þingeyjarsýslum. Kvikuholan við Vítismó í grennd við Kröflu er talin kraftmesta borhola landsins. Hún gæti gefið um 27 megavött. Um er að ræða fyrsta djúpborunarverkefni sem ráðist hefur verið í og var komið niður á hraunkviku á 2.100 metra dýpi. Varð að hætta þar en ætlunin var að fara niður á 4.500 m dýpi.

Raforkuframleiðsla Landsvirkjunar árið 2010 inn á flutningskerfi Landsnets var nálega hin sama sem 2009 og var 12.534 gígavattstundir (12.154 árið áður). Þetta er 3,0% aukning. Hlutur vatnsafls í framleiðslu var 96.0% en jarðgufustöðva 4.0%, Landsvirkjun keypti 392 GWst af raforku frá Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja. Þessi orka fór í endursölu til stóriðju. Heildarorkusala Landsvirkjunar á árinu var 12.926 gígavatnsstundir. Helstu kaupendur raforku á árinu voru sem fyrr stóriðjufyrirtækin og fengu þau alls 10.684 GWst, en sala á almennum markaði var 2.242 GWst.

Vatnsbúskapur Landsvirkjunar var í góðu meðallagi á árinu. Miðlunarrými Landsvirkjunar er nú 4.547 gígalítrar og af því er um helmingur í Hálslóni eða 2.100 gígalítrar og 1.500 í Þóris-

vatni. Minnstur var miðlunarforði Landsvirkjunar í apríl eða um 40.0%.

Hagnaður af rekstri Landsvirkjunar á árinu 2010 nam 72.916 milljónum Bandaríkjadala (192.996 árið áður). Lækkun á hagnaði var vegna greiðslu skulda.

Í maí keypti kanadíska félagið Magma Energy 52,3% hlut í H.S. Orku og á nú fyrirtækið að fullu. Reykjanesbær fjármagnaði kaupin að nokkru þar sem bærinn átti Geyser Greeen Energy sem rann inn í nýja félagið. Vinstri hreyfingin grænt framboð mótmælti sölunni og varaði við auknum erlendum áhrifum í orkumálum. Vildu vinstri grænir hverfa frá sölunni og að ríkið keypti hlut Magma Energy. Ekki varð af því þrátt fyrir öflugan stuðning þrýstihóps undir forystu Bjarkar Guðmundsdóttur söngkonu. Hún safnaði undirskriftum ásamt fleira fólki og sendi umboðsmanni Alþingis erindi um málið.

SAMGÖNGUR OG FERÐAMÁL

Ferðamenn

Alls fóru 293.770 Íslendingar utan um Leifsstöð 2010 (254.500 árið áður). Árið 2010 fjölgaði erlendum ferðamönnum, sem komu um Leifsstöð lítillega, (0,2%) og urðu þeir 494.769 (493.951 árið áður). Met var sett í ágúst, en þá kom 92.021 ferðamaður til Íslands. Langflestir ferðamenn komu um Keflavíkurflugvöll eða 93%. 4% komu til Reykjavíkur (Færeyjar, Grænland), Akureyrar og Egilsstaða og 3% til Seyðisfjarðar. Flestir ferðamenn komu frá eftirtöldum ellefu löndum:

Bretland	60.326	(61.619)
Þýskaland	54.377	(51.879)
Bandaríkin	51.166	(43.909)
Danmörk	38.139	(40.270)
Noregur	35.662	(34.485)
Frakkland	29.255	(28.818)
Svíþjóð	27.944	(31.421)
Holland	17.281	(19.262)

Ferðamannaþjónustan á Leirubakka á Landi.

Spánn	12.237	(13.438)
Finnland	11.012	(11.645)
Ítalía	9.692	(12.645)

Ferðamönnum frá Bandaríkjunum og Þýskalandi fjölgaði, en fækkaði nokkuð frá Danmörku, Svíþjóð, Hollandi og Spáni.

Farþegar með Norrænu árið 2010 til Íslands voru 17.408 (15.126 árið áður) og frá Íslandi fóru 17.675 (16.432). Samtals ferðuðust því með skipinu til og frá Íslandi 35.083 farþegar (31.558). Til Íslands kom með skipinu 5.321 farartæki (5.061) og frá Íslandi fóru 5.658 (5.830). Alls fóru því með skipinu 10.979 farartæki (10.891). – Farþegar, sem komu til Reykjavíkur með skemmtiferðaskipum, voru um 74.000 og er það um 2,0% aukning frá fyrra ári.

Flug

Icelandair flutti á árinu 1,5 milljón farþega (1, 3 milljónir árið áður). Er þetta um 14% aukning. Icelandair var á háannatíma með 155 flug á viku til 27 áfangastaða, 20 í Evrópu en 7 í Ameríku. Flug til Brussel hófst 4. júní. Sætanýting var 78,4%. – Hjá Flugfélagi Íslands voru farþegar fyrstu sjö mánuði ársins 196.905 og er það um 9% fækkun frá fyrra ári. Félagið flytur

Ferðamenn í Stykkishólmi.

töluverðan fjölda farþega til Færeyja og Grænlands. Þá eru miklir fraktflutningar einkum til Grænlands, en þar eru nokkrir áætlunarstaðir svo sem Nuuk, Kulusuk og Scoresbysund. Flugfélag Íslands heldur uppi áætlunarflugi innanlands til Ísafjarðar, Akureyrar og Egilsstaða. Frá Akureyri er flogið til Grímseyjar, Þórshafnar og Vopnafjarðar. – Flugfélagið Ernir tók upp áætlunarflug til Vestmannaeyja 4. ágúst.

Siglingar

Tvö alhliða flutningafyrirtæki voru rekin á árinu undir íslensku forræði en bæði voru þau að hluta í eigu útlendinga og sigldu að nokkru milli erlendra hafna. Þetta voru félögin Eimskip og Samskip. Eimskip var með fjórar siglingaleiðir: Norðurleið, Suðurleið, Austurleið og Ameríkuleið. Norðurleiðin var aðalflutningaleið milli Íslands og meginlands Evrópu. Farið var frá Reykjavík með viðkomu á Grundartanga, Vestmannaeyjum og Reyðarfirði og komið til Árósa, Hamborgar og Rotterdam. Suðurleiðin var frá Reykjavík um Vestmannaeyjar, Þórshöfn, Immingham og til Hamborgar og Rotterdam. Austurleiðin var á forræði Færeyinga og var siglt milli Þórshafnar og Árósa. Á Ameríkuleiðinni var siglt frá Reykjavík til Argentia, Halifax, Boston og Norfolk. Eimskip var með skrifstofur í 15 löndum.

Samskip festi kaup á tveimur gámaflutningaskipum á árinu og fór fjölda ferða milli Írlands og meginlandsins. Skip þess sigldu milli Rotterdam og Zeebrugge á meginlandinu og til Dublin, Cork, Waterford og Belfast.

Samgöngur á landi

Innflutningur bifreiða fór heldur vaxandi að nýju þetta ár. Fluttir voru inn til landsins alls 3.106 nýir fólksbílar (2.023 árið áður). Af nýinnfluttu bifreiðunum fóru um 1.500 á bílaleigur. Japanskir bílar voru sem fyrr vinsælastir en þýskir bílar gengu næstir þeim. Söluhæstu bifreiðarnar voru Toyota 667, Suzuki 436, Volkswagen 368, Hyundai 322, Chevrolet 277 og Honda 211.

SLYS

Árið 2010 voru banaslys í landinu 22 og af þeim létust aðeins 8 í umferðarslysum, 9 létust í heimaslysum, 2 í vinnuslysum og 3 í ótilgreindum slysum. Auk þess létust 5 Íslendingar í slysum erlendis, þar af hjón í umferðarslysi í Tyrklandi.

Umferðarslys

Hópferðabíll valt við Einarsstaði í Reykjadal 21. júlí. 17 manns voru í bílnum. Meiddust þeir allir eitthvað og þar af tveir illa. Talið var að hemlar bílsins hafi ekki verið í lagi. – Jeppi með fjórum ungmennum lenti á ljósastaur við Mánatorg norðan Keflavíkur 24. apríl. Tvær stúlkur létust strax og ein slasaðist alvarlega. Piltur sem ók bílnum slapp lítið meiddur.

Önnur slys

30. janúar varð slys á Langjökli. Mæðgin féllu niður í jökulsprungu. Eftir fimm klukkustunda erfiði tókst björgunarsveitarmönnum að ná þeim upp úr sprungunni. Móðirin var þá látin en drengurinn, 7 ára, náði sér að fullu. – Karl og kona urðu úti við Bláfjallakvísl á Emstru leið. samferðakona þeirra bjargaðist naumlega. Fólkið var í skoðunarferð vegna eldgossins á Fimmvörðuhálsi. Þau höfðu villst og orðið símasambandslaus og bensínlaus. – 9. júní féll þýskur ferðamaður fram af Látrabjargi 140-160 metra. Hann lést samstundis.

STJÓRNMÁL

Önnur ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur var við völd í ársbyrjun 2010 og til 2. september. Eftirtaldir ráðherrar sátu í þessari ríkisstjórn fyrstu átta mánuði ársins: Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra, Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra, Kristján Möller samgönguráðherra, Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra frá Samfylkingunni. Frá Vinstri grænum sátu í stjórninni Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra, Álfheiður Ingadóttir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Jón Bjarnason sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra. Utan flokka voru Gylfi Magnússon viðskiptaráðherrra og Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra.

Icesavemálið

Erfiðasta mál þessarar stjórnar var án efa Icesavemálið, þ.e. uppgjör á meintum skuldum Íslendinga annars vegar og

Frá kjörfundi í Reykjavík 6. mars. 63% kjósenda kusu um Icesavelögin frá því í desember. 93% sögðu nei og voru lögin því kolfallin.

fjárkröfum Breta og Hollendinga hins vegar. Töluverður hluti landsmanna taldi að Íslendingar skulduðu þessum þjóðum ekki neitt. Þjóðin þyrfti ekki að borga skuldir óreiðumanna þ.e. eigenda Landsbankans. Lagafrumvarp um greiðslu hafði verið naumlega samþykkt á Alþingi seint í desember 2009 og var það sent forseta lýðveldisins til samþykktar eða synjunar.

Almennt var álitið að forseti myndi skrifa undir Icesave lögin en svo fór ekki. Hann gaf eftirfarandi skýringar: Að taka þyrfti mið af sanngjörnum rétti þjóðarinnar, hagsmunum Íslendinga á komandi árum og alþjóðlegri samábyrgð. Þetta taldi forsetinn að næðist ekki fram með umræddum lögum og neitaði hann því að skrifa undir þau. Þetta gerðist 5. janúar.

Mikil óánægja var með þetta í ríkisstjórninni en stjórnarandstæðingar voru ánægðir. Stefnt var að þjóðaratkvæðagreiðslu 20.-27. febrúar eða 6. mars. 8. janúar setti Alþingi sérstök lög um þjóðaratkvæðagreiðsluna um Icesavelögin en síðan var gert þinghlé til 29. janúar. Umræðunni um Icesave var m.a. haldið vakandi með ferð foringja stjórnarandstöðunnar til Hollands.

Samninganefnd Íslendinga um Icesavemálið við Englendinga og Hollendinga. Hún tók við málinu í febrúar. Formaður hennar var bandarískur lögfræðingur, Lee C. Bucheit. Hann er fyrir miðju á myndinni.

Ekki verður sagt að mikil kosningabarátta hafi verið í þessari fyrstu þjóðaratkvæðagreiðslu síðan 1944. Foringjar stjórnarinnar tóku ekki þátt í undirbúningi hennar og sumir lýstu því yfir að þeir ætluðu ekki að greiða atkvæði. Meðal þeirra var Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra.

Þjóðaratkvæðagreiðslan var haldin 6. mars eins og til stóð. Þátttaka var 62% kosningabærra manna og yfir 93% sögðu nei við tillögunni. Þessi úrslit skiptu engu máli að mati ríkisstjórnarinnar en stjórnarandstæðingar töldu stjórnina standa tæpt eftir þessi úrslit. Þetta væri endanlegt álit þjóðarinnar og málið ætti að fara fyrir dómstól. Eftir þessa niðurstöðu fóru fram í nokkur skipti viðræður um Icesave milli Íslendinga annars vegar og Englendinga og Hollendinga hins vegar og var fyrsti fundurinn 15. febrúar. Skipuð hafði verið ný samninganefnd Íslendinga og sátu í henni Lee C. Buchheit, Guðmundur Árnason, Einar Gunnarsson, Jóhannes Karl Sveinsson og Lárus Blöndal. Buchheit er þaulvanur bandarískur samningamaður. Lárus Blöndal var fulltrúi stjórnarandstöðunnar. Ekki náðist

samkomulag á þessum fundi og lauk honum 3. mars. Samt var Íslendingum boðið upp á betri kjör en áður eða sem svaraði 40-60 milljörðum króna.

Umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

Sumarið 2009 var samþykkt á Alþingi tillaga um að Ísland sækti um aðild að Evrópusambandinu. Deilt var um þetta í öllum þingflokkum nema Samfylkingunni. Þannig voru sex þingmenn annars stjórnarflokksins, Vinstri grænna, á móti tillögunni. Það voru hins vegar þrír framsóknarmenn, einn sjálfstæðismaður og einn úr Borgarahreyfingunni sem hjálpuðu ríkisstjórninni til þess að fá samþykkta tillöguna um að sækja um aðild að ESB. Í júlí 2009 var umsóknin svo afhent Evrópusambandinu. Fyrst voru það utanríkisráðherrar Sambandsins, sem fengu málið til meðferðar og þeir fylgdu þeirri venju að skjóta slíku máli til framkvæmdastjórnar ESB. Lauk með því meðferð málsins 2009.

Á árinu 2010 bar það helst til tíðinda í samskiptum Íslands og ESB að leiðtogar Sambandsins samþykktu 17. júní að hefja formlegar viðræður við Ísland um aðild að Sambandinu. Segja má að Ísland hafi færst af umsóknarferli og á viðræðuferil eftir 17. júní. Svonefnd rýnivinna hófst en hún fólst í því að bera saman lög Íslands og ESB. Var ætlunin að byrja á málum, sem vitað var um að yllu ekki miklum ágreiningi. Helstu ágreiningsmálin svo sem sjávarútvegsmál, landbúnaðarmál og byggðamál skyldu rædd síðast. Í júlí kom fram að stækkunarstjóri ESB taldi að ekki væri unnt að veita varanlegar undanþágur frá reglum ESB. Kom þetta fram á ríkjaráðstefnu Íslands og ESB. Jón Bjarnason ráðherra hélt því fram að í ljósi álits stækkunarstjórans ætti að hætta við umsóknina.

Mikið var rætt meðal þjóðarinnar um aðildarumsóknina og efnt var til skoðanakannana. Árið 2010 voru þeir yfirleitt fleiri sem ekki vildu ganga í Sambandið, t.d. í júní vildu 57,4% draga umsóknina til baka. Flutt var þingsályktunartillaga um það. Hún náði ekki fram að ganga og skipuð var formleg viðræðunefnd. Formaður hennar var Stefán Haukur Jóhannesson en meðal nefndarmanna var Þorsteinn Pálsson, fyrrum formaður

Sjálfstæðisflokksins. Þá voru stofnuð félög til þess annars vegar að vinna að því að Ísland gengi í ESB og hins vegar var félag þeirra sem voru á móti aðild. Í félaginu Sterkara Ísland – Samtök Evrópusinna mættu um 100 manns á aðalfund sem haldinn var í september og þar var Jón Steindór Valdimarsson kosinn formaður. Mikil starfsemi var hjá andstæðingum ESB en formaður í félagi þeirra, „Heimssýn“, var Ásmundur Einar Daðason alþingismaður.

Samkomulag um Icesavedeiluna

Þegar nær dró áramótum glæddust vonir manna um að samkomulag næðist í Icesavedeilunni. Segja má að þá hafi þegar verið gerðar a.m.k. þrjár alvörutilraunir til þess að leysa deiluna og málið hafði verið rætt í þaula árið áður á Alþingi. Fimmtudaginn 9. desember var svo að lokum tilkynnt að tekist hefði samkomulag um lausn Icesavedeilunnar og var skrifað undir það með fyrirvara um samþykki Alþingis. Samið var um 3,3% vexti af láni frá Bretlandi og 3,0% vexti af láni frá Hollandi. Kostnaður íslenska ríkisins var metinn á 47 milljarða króna miðað við þágildandi gengi en hann gat aukist eða minnkað eftir verðgildi krónunnar. Endurgreiðslur skyldu hefjast 2011 og ljúka 2046. Íslenska ríkisstjórnin taldi þennan samning vera mun hagstæðari en fyrri samningsdrög og hugðist mæla með honum við Alþingi. Þingið samþykkti síðan samninginn sem lög með tveimur þriðju atkvæða og málið var sent forseta Íslands til undirskriftar. Leið svo fram í janúar 2011 að forseti tók sína ákvörðun.

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis – Landsdómur

Í mánuðunum mars, apríl, maí og júní snerust stjórnmál landsins mest um Rannsóknarnefnd Alþingis, þ.e. uppgjör við menn og málefni fortíðar, innlend fjármál, væntanlegar sveitarstjórnarkosningar og málefni flokkanna. Flokksþing voru haldin og nýir foringjar valdir. Þá urðu nokkrar breytingar á Alþingi. Steinunn Valdís Óskarsdóttir sagði af sér þingmennsku í maí vegna ásakana um að hafa aflað of mikils fjár við undirbúning kosninga. Mörður Árnason tók við þingsæti hennar.

Rannsóknarnefnd Alþingis. F.v.: Páll Hreinsson formaður, Sigríður Benediktsdóttir og Tryggvi Gunnarsson.

Illugi Gunnarsson alþingismaður ákvað 16. apríl að taka sér ótímabundið frí frá þingstörfum vegna afskipta af peningamarkaðssjóði hjá Íslandsbanka. Sigurður Kári Kristjánsson tók við þingsætinu. Þá sagði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir af sér varaformannsembætti í Sjálfstæðisflokknum vegna vafasamra viðskipta eiginmanns hennar.

Ríkisstjórnin gekkst í mars fyrir stofnun embættis umboðsmanns skuldara. Hann skyldi hjálpa skuldugu fólki við að semja um greiðslu skulda sinna. Það var gert með kaupleigukerfi og minnkandi vægi verðtryggingar. Hagsmunasamtökum heimilanna þótti ekki nóg að gert með þessu, en forysta ASÍ var ánægð. Bætt gjaldeyrisstaða og lækkandi vextir komu sér vel fyrir landsmenn.

Eins og áður sagði snerust hugir landsmanna mikið um efahags- og peningamál fortíðarinnar og var það ekki síst eftir að skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis var birt 12. apríl. Hún er í 9 bindum og nefnist: „Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir“. Meginniðurstaða nefndarinnar var sú að alltof mikill vöxtur bankakerfisins væri helsta

Páll Hreinsson kynnir blaðamönnum niðurstöður nefndarinnar 12. apríl.

ástæða hrunsins. Bankarnir hefðu haft of greiðan aðgang að lánsfé erlendis einkum á árunum 2004-2006. Eigið fé þeirra hafi verið ofmetið og eftirlit með bönkunum hafi verið lítið bæði af hálfu ráðherra, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans. Nokkrir ráðherrar voru sérstaklega taldir hafa sýnt vanrækslu í starfi sem og yfirmaður Fjármálaeftirlitsins. Ráðherrarnir voru Geir H. Haarde, Árni M. Mathiesen og Björgvin G. Sigurðsson. Jónas Fr. Jónsson var yfirmaður Fjármálaeftirlitsins. Þá voru eigendur bankanna taldir hafa brotið af sér einkum með því að lána sjálfum sér út á léleg eða einskis verð veð. Næsta skref í þessum málum var á þá leið að Alþingi skipaði nefnd alþingismanna til að fara yfir skýrslu rannsóknarnefndarinnar og ákveða með framhaldið. Í nefndinni sátu fulltrúar allra flokka, en formaður hennar var Atli Gíslason þingmaður Vinstri grænna. Þessi nefnd sat að störfum allt sumarið og komst loks að þeirri niðurstöðu í byrjun september að kalla ætti saman Landsdóm og átti hann að ákveða um sýkn eða sekt þeirra sem ákærðir voru. Alþingi samþykkti 28. september skýrslu sem nefndin sendi frá sér. Í henni voru þingsályktunartillögur þar

Frá Alþingi 17. september. Atli Gíslason fer yfir skýrslu þingnefndar sem hann stýrði.

sem gert var ráð fyrir að lífeyrissjóðir og sparisjóðir yrðu rannsakaðir. Enn fremur skyldu Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn tekin til endurskoðunar. Ályktað var um ýmis mál þ. á m. var kveðinn upp áfellisdómur yfir stjórnvöldum, stjórnmálamönnum og stjórnsýslu. 28. september voru greidd atkvæði á Alþingi um það hvaða stjórnmálamenn ætti að kalla fyrir Landsdóm. Niðurstaða þeirrar atkvæðagreiðslu var sú að kalla ætti Geir H. Haarde einan fyrir Landsdóm. 33 þingmenn voru því fylgjandi en 30 á móti. Felldar voru tillögur um að ákæra Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, Árna M. Mathiesen og Björgvin G. Sigurðsson fyrir Landsdómi. Línur á þinginu voru nokkuð skírar um Geir. Fylgjandi því að leiða hann fyrir Landsdóm voru allir þingmenn Vinstri grænna og Hreyfingarinnar, hluti Samfylkingarinnar og Framsóknar.

Geir H. Haarde og sjálfstæðismenn töldu að niðurstaða Alþingis í Landsdómsmálinu væri pólitísk aðför að fyrrverandi forsætisráðherra, einkum af hálfu Samfylkingarinnar, en fjórir

Rannsóknarskýslan var í níu bindum. Hér gluggar Jóhanna Sigurðardóttir í eitt þeirra.

þingmenn hennar sögðu já við ákæru á hendur Geir en nei við að ákæra Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. Allir þingmenn Sjálfstæðisflokksins sögðu nei við því að ákæra Ingibjörgu en ákæran var felld með 34 atkvæðum gegn 29.

Landsdómur er skipaður 15 dómendum og eru fimm þeirra hæstaréttardómarar. Þá sitja í dómnum dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur, prófessor í stjórnskipunarrétti við HÍ og átta menn kosnir af Alþingi. Alþingi kaus Sigríði Friðjónsdóttur til þess að vera saksóknari við Landsdóm og Helga Magnús Gunnarsson sem varasaksóknara. Landsdómur kom saman í Þjóðmenningarhúsinu en mál Geirs H. Haarde var ekki tekið fyrir á árinu 2010. Það beið ársins 2011. Undirbúningur af hálfu Geirs var m.a. fólginn í því að hann réði sér verjanda, Atla Árnason hrl.

Sveitarstjórnarkosningar

Sveitarstjórnarkosningar skyldu fara fram á reglulegum tíma 29. maí. Í einstaka tilvikum fóru fram prófkjör en oftast var raðað upp listum á fundum. Viðamesta prófkjörið var að venju

hjá sjálfstæðismönnum í Reykjavík. Það fór fram 23. janúar. Sigurvegari var Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri sem hlaut 5.746 atkvæði í 1. sæti. Næstur kom Júlíus Vífill Ingvarsson með 1.816 atkvæði í 1.-2. sæti, og þriðji var Kjartan Magnússon með 2.092 í 1.-3 sæti. Gísli Marteinn Baldursson sem fengið hafði góða kosningu í bæjarstjórnarkosningunum 2006 varð nú aðeins í 5. sæti. Hjá Samfylkingunni í Reykjavík varð Dagur B. Eggertsson efstur með 2.208 atkvæði og Oddný Sturludóttir í 2. sæti með 959 atkvæði. Hermann Jón Tómasson varð efstur hjá Samfylkingunni á Akureyri, Guðríður Arnardóttir í Kópavogi og Guðmundur Rúnar Árnason í Hafnarfirði. Á síðastnefnda staðnum bauð Lúðvík Geirsson bæjarstjóri sig fram í 6. sæti. Hann vildi halda meirihluta en til þess þurfti 6 fulltrúa. Í skoðanakönnunum í maí virtist sem nýtt afl væri að koma fram í Reykjavík. Það var Besti flokkurinn sem Jón Gnarr gamanleikari stýrði.

Sveitarstjórnarkosningarnar 2010 voru eins og lengi hafði tíðkast með tvennu móti, bundnar hlutfallskosningar með listum í öllum stærri sveitarfélögum og óbundnar kosningar í hinum smærri, þar sem allir kosningabærir menn voru í kjöri. Að þessu sinni var fyrrnefnda aðferðin viðhöfð í 58 sveitarfélögum. Í fjórum sveitarfélögum var sjálfkjörið þar sem aðeins einn listi kom fram. Alls voru því valdir fulltrúar í 76 sveitarfélögum og í 18 sveitarfélögum fór fram persónukjör. Í sveitarfélögunum 58 voru samanlagt 201.503 á kjörskrá og greidd atkvæði 146.169 sem þýðir 75,2% kjörsókn en það er töluvert lakari kjörsókn en í kosningunum 2006 en þá var hún 78,4%. Mest kosningaþátttaka á stærri stöðum var í Grindavíkurbæ, 84,5% en minnst í Hafnarfirði 65,0%.

Sjálfstæðisflokkurinn náði hreinum meirihluta í tíu sveitarstjórnum sem voru með 1.000 íbúa eða fleiri. Mest var fylgi flokksins í Garðabæ 63,5%, á Seltjarnarnesi 58,2%, í Vestmannaeyjum 55,6%, Árborg 50,1% og Mosfellsbæ 49,8%.

Úrslitin í sveitarstjórnarkosningunum í Reykjavík urðu þau að Besti flokkurinn fékk flest atkvæði, 34,7% og 6 borgarfulltrúa, næst kom Sjálfstæðisflokkurinn með 33,6% atkvæða og 5 borgarfulltrúa. Vinstri flokkarnir komu þar á eftir,

Samfylkingin með 19,1% og þrjá borgarfulltrúa og Vinstri grænir 7,2% og 1 fulltrúa. Framsóknarflokkurinn fékk aðeins 2,7% og engan borgarfulltrúa, Reykjavíkurframboðið fékk 1,1% og engan fulltrúa. Frjálslyndi flokkurinn fékk sömuleiðis slæma kosningu, 0,5% og engan fulltrúa. Loks er að geta framboðs Ólafs F. Magnússonar, en hann hafði um tíma á fyrra kjörtímabili verið borgarstjóri. Hann nefndi sinn lista : „Framboð um heiðarleika og almannahagsmuni“ en fékk aðeins 1,1%.

Jón Gnarr, foringi Besta flokksins, gaf fljótlega eftir kosningarnar yfirlýsingu um það, að hann vildi samstarf við Samfylkinguna í borginni. Þar með var úr sögunni hugmynd fráfarandi borgarstjóra, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, um einhvers konar samstjórn allra flokka sem fulltrúa áttu í borgarstjórninni. Eftir tiltölulega stuttar viðræður Besta flokksins og Samfylkingarinnar kynntu þeir meirihlutasamstarf sitt á þaki fjölbýlishúss við Æsufell. Var það 4. júní og 15. júní tók Jón Gnarr við borgarstjórastarfinu af Hönnu Birnu, foringja sjálfstæðismanna. Jón Gnarr hafði gert það að skilyrði fyrir samstarfi við Samfylkinguna að hann yrði borgarstjóri.

Breytingar á ríkisstjórn – kosið til stjórnlagþings

Eftir sveitarstjórnarkosningarnar varð nokkurt hlé í íslenskum stjórnmálum og stóð það fram í september, en þá tók að hitna í kolunum. Það byrjaði á því 2. september að óflokksbundnu ráðherrarnir Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra og Gylfi Magnússon efnahags- og viðskiptaráðherra voru látnir hætta en flokksbundnir menn tóku við þeirra verkefnum. Álfheiður Ingadóttir og Kristján Möller létu einnig af ráðherradómi. Ráðherrum fækkaði við þetta um tvo og urðu nú tíu. Guðbjartur Hannesson varð heilbrigðisráðherra og félagsmálaráðherra og átti sú ráðstöfun að taka gildi um áramót og skyldi hið nýja ráðuneyti heita velferðarráðuneyti. Ögmundur Jónasson tók við starfi samgöngu- og dómsmálaráðherra og skyldi það ráðuneyti frá áramótum heita innanríkisráðuneyti. Árni Páll Árnason fluttist um set úr félags- og tryggingamálaráðuneytinu og varð efnahags- og viðskiptaráðherra. Þessar ráðstafanir áttu a.m.k. að gilda til áramóta.

Kosningaauglýsing frá Sjálfstæðisflokknum í Reykjavík.

Kosningaauglýsing frá Samfylkingunni í Reykjavík.

Kosningaauglýsing frá Vinstri grænum í Reykjavík.

Kosningaauglýsing frá Framsóknarflokknum í Reykjavík.

Ólafur og Kolbrún leiða H-lista framboð um heiðarleika

BJARTSÝNI · UMHYGGJA · RÉTTLÆTI

H

Helstu stefnumál H-listans:

Kosningaauglýsing frá H-listanum í Reykjavík.

Ríkisstjórn Íslands ásamt forseta eftir endurskipulagningu 2. september: F.v: Ögmundur Jónasson, Árni Páll Árnason, Jón Bjarnason, Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Ólafur Ragnar Grímsson, Steingrímur J. Sigfússon, Katrín Jakobsdóttir, Katrín Júlíusdóttir, Svandís Svavarsdóttir og Guðbjartur Hannesson.

Ríkisstjórnin hafði áhuga á því að láta kjósa til sérstaks ráðgefandi fulltrúaþings, sem skyldi setja fram tillögur að stjórnarskrá. Þetta var undirbúið af mikilli kostgæfni. Kallaður var saman þjóðfundur þar sem voru um 1.000 manns valdir af félögum eða vinnuhópum. Þessi þjóðfundur fyllti Laugardalshöllina 6. nóvember. Næsta skrefið var að láta kjósa til stjórnlagaþings, sem gera átti tillögur að nýrri stjórnarskrá. Þetta voru almennar kosningar allra atkvæðisbærra manna og fóru þær fram 27. nóvember. Í framboði voru 522, þ.e. 364 karlar og 159 konur, og var kosningin einstaklingsbundin.

Forsetafrú og ráðherrar hraða sér undan eggjakasti á leið frá kirkju til þingsetningar 1. október.

Þátttaka í þessum kosningum var hin minnsta í almennum kosningum á lýðveldistímanum, aðeins 36%. Á kjörskrá voru 227.656 en aðeins 83.576 kusu. Kjósa átti 25 fulltrúa og skyldu það vera þeir sem flest atkvæði fengu. Í þessum 25 manna hópi voru 15 karlar og 10 konur. Efstur varð Þorvaldur Gylfason prófessor. Fundur var haldinn með hinum kjörnu fulltrúum og Landskjörstjórn 2. desember. Hún sá um framkvæmd kosninganna og þótti mönnum hún takast vel. Engu að síður urðu nokkrir þátttakendur til þess að kæra framkvæmd kosninganna til Hæstaréttar. Hann tók undir þessa kæru og var kosningin dæmd ógild.

Alþingi

Alþingi, 139 löggjafarþing, kom fyrst saman á árinu 8. janúar til þess að setja sérlög um Icesavekosningarnar sem ákveðið var að skyldu haldnar 6. mars. Áður hafði verið áætlað að þingið kæmi fyrst saman á árinu 26. janúar. Næsti samkomudagur

Þúsundir mótmæltu ríkisstjórninni á meðan forsætisráðherra flutti þinginu stefnuræðu sína.

þingsins var 29. janúar. Þá átti skýrsla rannsóknarnefndar að vera komin fram en svo var ekki. Á fyrsta fundinum var nokkuð dæmigerð dagskrá, kosið í stjórn Ríkisútvarpsins, umræða var um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki sem og óundirbúnar fyrirspurnir.

Þingið sat síðan að störfum til 18. maí, en þá var gert hlé til 31. maí vegna sveitarstjórnarkosninganna. Þá tóku við tvær vikur sem þingið sat, en seinasti starfsdagur fyrir sumarleyfi var 15. júní. Eldhúsdagsumræður fóru fram 14. júní. Þingfundir voru 2.-15. september en síðan kom hlé sem stóð til 1. október.

Við þingsetninguna 1. október var gerður aðsúgur að ráðherrum, þingmönnum og gestum Talið er að um 2.000 manns hafi verið við alþingishúsið. Fólkið kastaði eggjum, tómötum, jógurtfernum o.fl. að þingmönnum er þeir komu frá kirkju. Enginn slasaðist alvarlega en Halldóra J. Þorvarðardóttir prófastur, sem predikaði við þingsetninguna, fékk egg í höfuðið. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra flutti stefnuræðu sína 4. október. Þá safnaðist aftur mikill mannfjöldi að

þinghúsinu og lét grjóti rigna yfir bifreiðar alþingismanna, er þeir komu út eftir þingfundinn. 30 rúður voru brotnar í þinghúsinu. Fólkið sagðist vera að mótmæla niðurskurði í heilbrigðiskerfinu og menntakerfinu. Við fækkun starfsfólks á heilbrigðisstofnunum var talað um aðför að dreifbýlinu. Næstu daga voru áfram mótmæli við þinghúsið. 18. desember var þingfundum frestað fram í janúar. Þingforseti var Ásta R. Jóhannesdóttir en hún hafði verið forseti næsta þing á undan. Formenn þingflokka voru Þórunn Sveinbjarnardóttir fyrir Samfylkinguna, Ragnheiður Elín Árnadóttir fyrir Sjálfstæðisflokk, Árni Þór Sigurðsson fyrir Vinstri græna, Gunnar Bragi Sveinsson fyrir Framsóknarflokk og Margrét Tryggvadóttir fyrir Hreyfinguna.

Þegar kom fram í október varð hinn svokallaði skuldavandi heimilanna aðalviðfangsefni stjórnmálanna jafnt á Alþingi sem á vettvangi ríkisstjórnarinnar. Ýmislegt var gert til þess að leysa þennan vanda en ekki varð samkomulag um þau úrræði. Hagsmunasamtök heimilanna stýrðu aðgerðum og vildu t.d. koma á niðurfærslu skulda. Fjárlög voru afgreidd á þinginu í desember eins og venja er til. Það var hins vegar ekki venjulegt að þrír stjórnarþingmenn sátu hjá við lokaafgreiðslu fjárlaganna. Þetta voru Atli Gíslason, Ásmundur Einar Daðason og Lilja Mósesdóttir, öll úr flokki Vinstri grænna. Voru fjárlögin samþykkt með 32 atkvæðum en 31 þingmaður sat hjá.

Flokksþing

Landsþing Frjálslynda flokksins var haldið 19.-20. mars. Guðjón Arnar Kristjánsson gaf ekki kost á sér í formannssæti og var Sigurjón Jónsson valinn í hans stað. Ásta Hafberg var kosin varaformaður og Grétar Mar Jónsson ritari. Flokkurinn átti mjög undir högg að sækja á árinu og missti nær alla fulltrúa sína í sveitarstjórnum.

Aukalandsfundur Sjálfstæðisflokksins var haldinn í lok júní. Þar var hart deilt um inngöngu Íslands í Evrópusambandið, og var samþykkt tillaga um að draga umsókn Íslands um aðild að Sambandinu til baka. Bjarni Benediktsson, formaður flokksins, var á móti þessari tillögu og vildi láta umsóknina gilda. Þrátt

fyrir þessa afstöðu var Bjarni endurkjörinn formaður flokksins með 62,0% atkvæða, en Pétur Blöndal fékk 30,4%. Ólöf Nordal var kosin varaformaður með 69,7% atkvæða en Lára Óskarsdóttir fékk 17,4%.

Samfylkingin hélt flokksstjórnarfund 26. júní. Þar var rætt um úrslit sveitarstjórnakosninga og slæma útreið flokksins í þeim.

Dagana 19.-20. nóvember var haldinn flokksráðsfundur Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs. Þar var hart deilt um afstöðu VG til Evrópusambandsins. Borin var upp tillaga frá 70 fundarmönnum um að Íslendingar drægju til baka umsókn sína um inngöngu í Sambandið Þessi tillaga var felld og síðan samþykkt að halda fast við umsókn ríkisstjórnarinnar um aðild að Evrópusambandinu.

Skoðanakannanir

Í fyrstu skoðanakönnun ársins hafði Sjálfstæðisflokkurinn 31,10% fylgi. Samfylkingin 28,7%, Vinstri grænir 24,65%, Framsóknarflokkurinn 13,75% og Hreyfingin 0,45%.

Þegar komið var fram í mars hafði fylgi Sjálfstæðisflokksins enn aukist og var 40,3%, Samfylkingin og Vinstri grænir höfðu báðir tapað fylgi og fengu 23,1% og 20,6%. Framsókn bætti við sig og var með 13,3%. Ríkisstjórnin var í minnihluta með þjóðinni og hafði aðeins 38,9% fylgi, en stjórnarandstaðan hafði 61,1%. Þessi hlutföll héldust að mestu út árið.

TÍMAMÓT

Nokkur afmæli félaga, stofnana og fyrirtækja

1. febrúar varð Kvenfélagasamband Íslands 80 ára.

6. febrúar: Knattspyrnufélag Reykjavíkur (KR) varð 110 ára. Haldin var hátíðarsamkoma.

9. mars voru 60 liðin frá fyrstu tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Tónleikarnir voru í Austurbæjarbíói. 39 hljóðfæraleikarar skipuðu sveitina og meðal verka sem þeir spiluðu á fyrstu tónleikunum var Ófullgerða sinfónían eftir Schubert.

Ólafsdalsskólinn og stofnendur hans.

18. mars varð landlæknisembættið 250 ára. Haldin var samkoma í hátíðasal Háskóla Íslands. – Sama dag hélt Sinfóníuhljómsveit Íslands upp á 60 ára afmæli sitt með því að flytja 2. sinfóníu Mahlers. 130 manns voru á sviðinu.

25. maí: Sjálfstæðisflokkurinn varð 80 ára.

4. júní varð Litla kaffistofan 50 ára.

8. ágúst: Þess var minnst að 130 ár voru liðin frá stofnun Ólafsdalsskóla, fyrsta búnaðarskóla á Íslandi.

5. september: Þess var minnst að liðin voru 100 ár frá því að Vífilsstaðaspítali var tekinn í notkun. Haldin var sögusýning og málþing um berklaveikina. Þá var afhjúpaður minnisvarði.

14. september voru liðin 60 ár frá Geysisslysinu á Vatnajökli. Loftleiðaflugvélin Geysir skall á jöklinum á fullri ferð. Enginn slasaðist alvarlega og var öllum bjargað ofan af jöklinum.

20. október: Austurbæjarskólinn minntist 80 ára afmælis síns.

4. desember: Hitaveita Reykjavíkur 80 ára.

14. desember: Veðurstofa Íslands 90 ára.

ÚTVEGUR

Aflinn

Árið 2010 varð heldur lakara aflaár en árið á undan. Heildaraflinn minnkaði um 6.0% frá árinu á undan miðað við fast gengi. Afli óx í loðnu og rækju en stóð í stað í karfa og grálúðu. Minnkandi afli var í botnfiskum svo sem þorski, ýsu og ufsa sem og í síld.

Heildaraflinn var 1.063.326 tonn (1.129.621 árið áður), en miðað er við vigtarskýrslur til Hagstofunnar. Afli á Íslandsmiðum var 760.728 tonn (862.729), í norskri lögsögu 33.341 tonn (34.136), í rússneskri lögsögu 5.897 tonn (90.095), á Flæmingjagrunni enginn og á öðrum miðum 263.360 tonn (349.967).

Þorskafli á árinu var 178.516 tonn (188.976 árið áður), ýsuafli 64.942 tonn (81.832), ufsaafli 53.894 tonn (61.832), karfaafli 56.293 tonn (57.858), úthafskarfaafli 14.794 tonn (15.529), karfaafli samtals 71.087 tonn (73.508), lönguafli 9.875 tonn (9.610), keiluafli 6.916 tonn (6.960), steinbítsafli 12.565 tonn (15.129), lúðuafli 528 tonn (498), grálúðuafli 13.309 tonn (15.780), skarkolaafli 5.983 tonn (6.316), síldarafli á Íslandsmiðum 66.579 tonn (102.264), síldarafli af norsk-íslenskri síld 187.894 tonn (228.936), loðnuafli 102.196 tonn (13.929), kolmunnaafli 87.121 tonn (120.197), annar uppsjávarafli (mest makríll og gulldepla) 139.959 (162.334 tonn), humarafli 2.541 tonn (2.463), rækjuafli 7.742 tonn (5.512).

Kvótinn

Við upphaf nýs fiskveiðiárs, 1. september 2010, voru eftirtalin fyrirtæki með stærri en 5.000 tonna þorskígildiskvóta: 1. HB Grandi hf. Reykjavík 26.578 þorskígildistonn eða 9,83% af heildarkvótanum, 2. Brim hf. Reykjavík 22.031 þorskígildistonn eða 6,87% af heildarkvótanum, 3. Samherji hf. Akureyri 16.418 þorskígildistonn eða 6,07% af heildarkvótanum, 4. Þorbjörn hf. Grindavík 15.014 þorskígildistonn eða 5,55% af heildarkvótanum, 5. FISK-Seafood hf. Sauðárkróki 12.877 þorskígildistonn eða 4,76% af heildarkvótanum, 6. Vísir hf. 11.571 þorskígildistonn eða 4,28% af heildakvótanum, 7. Rammi

hf. Siglufirði 11.510 þorskígildistonn eða 4,26% af heildarkvótanum, 8. Hraðfrystihúsið Gunnvör hf. Ísafirði 8.969 þorskígildistonn eða 3,32% af heildarkvótanum, 9. Vinnslustöðin hf. Vestmannaeyjum 8.761 þorskígildistonn eða 3,24% af heildarkvótanum, 10. Nesfiskur ehf. 7.157 þorskígildistonn eða 2,65% af heildarkvótanum, 11. Skinney-Þinganes hf. Hornafirði 6.194 þorskígildistonn eða 2,9% af heildarkvótanum, 12. Ögurvík hf. Reykjavík 5.057 þorskígildistonn eða 1,87% af heildarkvótanum.

Alls eru 644 lögaðilar með aflaheimildir í einhverjum tegundum í aflamarkskerfi og krókaaflamarkskerfi. Mestur kvóti fór til Reykjavíkur, 38.700 tonn en það er 14,3% af heildarkvótanum, Vestmannaeyjar koma næst með 10,6% og Grindavík er í þriðja sæti með 9,6%. Reykvíkingar eru með stærsta karfakvótann, Vestmanneyingar stærsta síldarkvótann og Grindvíkingar eru með mikinn kvóta í þorski, ýsu og úthafsrækju. Veiðar á úthafsrækju voru reyndar gefnar frjálsar, því að aflamark hafði ekki verið nýtt. Heimilað var að veiða 150.000 tonn af þorski á fiskveiðiárinu 2009-2010, en sjómenn töldu að óhætt væri að hafa þennan kvóta stærri. Ýsukvótinn var aðeins 63.000 tonn (93.000 árið áður), ufsakvótinn var 50.000 tonn (65.000 árið áður), síldarkvótinn var 47.000 tonn (150.000 árið áður og loðnukvótinn var 110.000 tonn (15.000 árið áður). Makrílkvóta var ekki úthlutað en íslensk skip máttu þó veiða allt að 130.000 tonn af makríl.

Þessi 10 skip fengu stærstu kvótana:

Guðmundur í Nesi RE	6.393	þorskígildistonn
Brimnes RE	5.596	–
Júlíus Geirmundsson ÍS	5.265	–
Arnar HU	5.155	–
Björgúlfur EA	4.974	–
Björgvin EA	4.503	–
Höfrungur III AK	4.174	–
Þerney RE	3.881	–
Ottó N Þorláksson RE	3.835	–
Ásbjörn RE	3.742	–

Við höfnina á Djúpavogi.

Ýmislegt

Svonefndar strandveiðar voru leyfðar annað árið í röð í mánuðunum maí, júní, júlí og ágúst. Stunda mátti veiðar fjóra daga í hverri viku og veiðin mátti vera í allt 6.000 tonn af óslægðum botnfiski. Ströndinni var skipt í fjögur svæði og mátti veiða mest á svæðinu frá Eyja- og Miklaholtshreppi til Súðavíkur 1.996 tonn, á svæðinu frá Strandabyggð til Grýtubakkahrepps 1.420 tonn, Þingeyjarsveit til Djúpavogshrepps 1.537 tonn og frá Hornafirði til Borgarbyggðar 1.037 tonn. Mikil ásókn var í þessar veiðar enda voru þær utan við hinn venjulega kvóta.

21. október voru liðin 50 ár frá því togarinn Víkingur AK kom til heimahafnar sinnar á Akranesi. Var honum fagnað við þetta tækifæri. Fyrstu árin var Víkingur togskip en síðustu ár veiddi hann uppsjávarfisk eins og loðnu. Talið var að aflinn sem hann hafði flutt að landi á 50 árum hafi verið um 932.000 tonn.

Fiskiskipaflotinn

Á árinu stóð fiskiskipaflotinn nálega í stað. Vélskip voru í árslok 761 (768 árið áður) og þau voru 83.457 brúttótonn

Skarfabakki við Sundahöfn í Reykjavík.

(86.769), togarar voru 57 (58) 65.087 brúttótonn (67.870) og opnir bátar 807. Samtals voru því í flotanum 1.625 skip og bátar (1.529 árið áður).

Útflutningur sjávarafurða

Útflutningsverðmæti sjávarafurða 2010 var 220.487 milljarðar króna (208.620 árið áður) og er það breyting til hækkunar um 5,7% miðað við fast gengi. Hlutur sjávarafurða í heildarútflutningi var 39,3%. Landfryst flök, ný kæld og ísvarin fiskflök og blautverkaður saltfiskur voru áfram í efstu sætum að útflutningsverðmætum.

Skipting sjávarafurða eftir afurðaflokkum 2010 var eftirfarandi: Fryst 361.411 tonn, saltað 39.209 tonn, ísað 65.031 tonn, hert 13.404 tonn, mjöl og lýsi 126.343 tonn annað 26.605 tonn.

VERKLEGAR FRAMKVÆMDIR

Brýr. Lítið var um brúagerð á árinu. Helstu framkvæmdir voru við endanlegan frágang á brúnni yfir Mjóafjörð á Djúpvegi og brú yfir *Hvítá* við Bræðratungu í Árnessýslu. Með henni

Landeyjahöfn.

styttist leiðin milli Flúða og Reykholts um 14,5 km, hvort sem farið er um Skeið eða Brúarhlöð. 1. desember var haldið upp á opnun brúarinnar. Unnið var að brúarsmíð við *Haffjarðará* á Mýrum.

Hafnir. Í *Reykjavík* var áfram unnið að landfyllingum við Skarfabakka. – Dýrasta framkvæmdin í landinu var við sjóvarnargarð hjá *Vík í Mýrdal*. – Á *Patreksfirði* var endurbyggt stálþil og grjótgarður á *Reykhólum*. – Á *Ísafirði* var gerð stálþilsbryggja vegna olíustöðvar. – Á *Siglufirði* var unnið við dýpkun. – Á *Vopnafirði* var unnið við nýjan viðlegukant. – Verktakafyrirtækið Suðurverk hóf vinnu við *Landeyjahöfn* í september 2008. Mikið var unnið á árinu 2009. Um áramót 2009-2010 var vinna við brimvarnargarðana nokkuð á undan áætlun. Landeyjahöfn var vígð 20. júlí. Gert er ráð fyrir að hún muni kosta um 2,2 milljarða króna. Fljótlega kom í ljós að sandburður inn í höfnina var meiri en menn höfðu búist við og gat Herjólfur ekki siglt á hana eins og gert hafði verið ráð fyrir.

Vegagerð. Víða um land var að venju unnið að vegabótum og verður aðeins getið nokkurra framkvæmda.

Herjólfur kemur til Landeyjahafnar 20. júlí.

Suðursvæði

Lyngdalsheiðarvegur var formlega opnaður 15. október. Hann er 15 km langur, allur innan Bláskógabyggðar og tengir héraðið saman. – Haldið var áfram framkvæmdum við Suðurstrandarveg, þ.e. vegarkaflann frá Krýsuvíkurvegi að Þorlákshafnarvegi Hann verður rúmlega 34 kílómetrar. – Haldið var áfram framkvæmdum við Hringveginn um Hellu. – Nýr 7,2 km vegur var lagður milli Flúða og Reykholts samfara byggingu brúar yfir Hvítá.

Suðvesturvæði

Unnið var við gerð nýrra mislægra gatnamóta við Leirvogstungu. Er þeim m.a. ætlað að tryggja aukið umferðaröryggi út frá Reykjavík. Þá voru framkvæmdir við gerð nýrra gatnamóta Nýbýlavegar og Hafnarfjarðarvegar. – Nauthólsvegur var opnaður 4. febrúar. Þessi vegur var áður nefndur Hlíðarfótur. Unnið var við mislæg gatnamót Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegar.

Ögmundur Jónasson samgönguráðherra byrjar framkvæmdir við breikkun Suðurlandsvegar.

Norðvestursvæði

Haldið var áfram framkvæmdum við nýjan veg yfir Fróðárheiði. – Í Djúpvegi var áfram unnið að miklum framkvæmdum. – Framkvæmdir héldu áfram við jarðgöng milli Hnífsdals og Bolungarvíkur. Göngin verða 5,1 km og eiga að kosta 3,5 milljarða. Gerðar voru brýr á Hnífsdalsá og Ósá.

Norðaustursvæði

Héðinsfjarðargöng voru formlega opnuð 2. október. Þau eru tvískipt. Frá Siglufirði til Héðinsfjarðar eru 3,7 km og frá Héðinsfirði til Ólafsfjarðar eru 6,9 km. Göngin kostuðu um 12 milljarða króna. – Unnið var áfram við svonefnda Hófaskarðsleið og hún opnuð í lok ágúst. Þessi vegur liggur þvert yfir Melrakkasléttu og styttir leiðina milli Þórshafnar og Kópaskers um 60 km. Lagður verður nýr vegur frá Hófaskarðsleið til Raufarhafnar. – Nýr vegur frá Vopnafirði að hringvegi var í byggingu. – Áfram var mikið unnið við Norðfjarðarveg um Hólmaháls. – Hafin var vinna við 11 km

langan vegarkafla á hringveginum í Skriðdal. Gerðar verða nýjar brýr á Eyrarteigsá, Þórisá og Jóku. Þessu verki á að ljúka 2011.

Bundið slitlag var lagt á um 130 km á árinu (150 km árið áður). Í árslok voru 5.057 km af bundnu slitlagi komnir á vegi landsins, og eru meðtaldir vegir í kaupstöðum og kauptúnum. Við þær framkvæmdir, sem áður voru nefndar, var yfirleitt sett á bundið slitlag. – Hringvegurinn (miðað er við að farið sé norðan Mývatns) taldist vera í árslok 1.335 km og af þeim voru um 1.300 km með bundnu slitlagi eða um 96%. Lengstu kaflar, sem enn eru með malarslitlagi, eru í Skriðdal og Breiðdal.

Umferð um Hvalfjarðargöngin var nálega hin sama sem árið á undan og fóru alls 1.951.907 ökutæki um göngin á árinu 2010 (1.969.669 árið áður).

Ýmsar framkvæmdir

Það er til marks um deyfðina á íbúðamarkaði árið 2010, að íbúðalánasjóður hafði tekið upp í skuldir 570 íbúðir í lok mars. Flestar þessar íbúðir voru á Reykjavíkursvæðinu, en einnig voru margar á Austurlandi. Áfram var því lítið byggt af íbúðarhúsnæði og hinar ýmsu framkvæmdir á árinu 2010 voru að langmestu leyti við opinberar byggingar svo sem skóla, íþróttamannvirki og hjúkrunarheimili.

Reykjavík. Mikið dró úr framkvæmdum við byggingu íbúðarhúsnæðis á árinu 2010. Helst var unnið að íbúðarhúsabyggingum í Grafarholti, við Sléttuveg og nokkuð í Úlfarsárdal. Verslunar- og skrifstofubyggingar voru áfram reistar í Túnunum og íbúðarhús við Skúlagötu og Lindargötu. Lokið var við 309 íbúðir á árinu en aðeins hafði verið byrjað á 14 íbúðum á árinu og 7 byggingarleyfi verið veitt.

Vesturbær og Miðbær. Unnið var af krafti við tónlistar- og ráðstefnuhúsið við höfnina, en vinnan hafði um tíma legið niðri vegna fjárskorts. Svissneska félagið Marti Contractors tók við byggingunni eftir að ÍAV var lýst gjaldþrota. – Haldið var áfram framkvæmdum við hús fyrir Félagsstofnun stúdenta við Skógarveg. – Endurbygging gömlu húsanna við Lækjargötu og

Gömlu húsin við Austurstræti og Lækjargötu í endurbyggingu.

Austurstræti gekk vel á árinu og var langt komin um áramót. Húsið við Lækjargötu var hækkað um eina hæð.

Austurbær. Haldið var áfram við byggingu hjúkrunarheimilis fyrir aldrða við Suðurlandsbraut. – Unnið var að viðbyggingu við Móhúsin við Skólastræti. – 11. janúar flutti Háskólinn í Reykjavík í nýja húsið við Nauthólsvík. Hornsteinn var lagður og var það loftsteinn frá Suður-Ameríku, sem féll fyrir 4.000 árum. – Ný viðbygging við Fjölbrautaskóla Breiðholts var tekin í notkun 20. ágúst. Í byggingunni eru 12 kennslustofur auk mötuneytis. – Mikið var unnið við íbúðir aldraðra við Sléttuveg. – Í nóvember var lokið við byggingu 111 íbúða fyrir aldrða í Fróðengi í Grafarvogi. Hjúkrunarheimilið Eir er eigandi þessara íbúða.

Grafarvogur – Grafarholt – Úlfarsárdalur. Haldið var áfram framkvæmdum við samkomuhús við Egilshöll. Sambíóin opnuðu þar bíósali 5. nóvember. Þar er stærsta bíótjald landsins og fullkomnustu mynd- og hljóðkerfi. – Sæmundarskóli í Grafarholti og leik- og grunnskóli við Árvað á Norðlingaholti voru teknir í notkun á árinu. – Dalskóli við Úlfarsbraut í

Dalsskóli í Úlfarsárdal.

Úlfarsárdal var tekinn í notkun í lok ágúst. Þetta er leikskóli, grunnskóli og frístundaheimili.

Í desember var opnuð ný varmastöð og hitaveita frá Hellisheiðarvirkjun.

Gullbringu- og Kjósarsýsla. Í *Mosfellsbæ* var lítið byggt, en helst í landi Leirvogstungu og svonefndu Helgafellshverfi.

Á *Seltjarnarnesi* var 5. september tekin fyrsta skóflustunga að byggingu fyrir lækningaminjasafn í Nesi við Seltjörn. Þá var lokið við endurbætur á sjálfri Nesstofu og hún færð í upprunalegt form.

Í *Kópavogi* dró mikið úr íbúðabyggingum á árinu 2010 og tregða var í sölu nýrra íbúða. Aðeins var hafin bygging 15 íbúða á árinu, en lokið við byggingu 95 íbúða. 541 íbúð var talin í byggingu í ársbyrjun. – Lokið var við nýja áfanga við Vatnsendaskóla við Funahvarf og Hörðuvallaskóla við Baugakór. – Unnið var áfram að byggingu tvöfalds íþróttahúss við hliðina á Kórnum og að íþróttahúsi fyrir HK í Fagralundi í Fossvogsdal. – Lokið var við byggingu tveggja leikskóla þ.e. við Marbakkabraut og við Aðalþing. – Hjúkrunarheimili Hrafnistu

Hús Náttúrufræðistofnunar á Urriðaholti.

við Boðaþing var vígt 19. mars. – 3. september var tekin fyrsta skóflustunga að reiðhöll á Kjóavöllum.

Í *Garðabæ* fækkaði nýbyggingum mjög. Þó var haldið áfram undirbúningi að byggð á Urriðaholti, en treglega gekk að selja lóðir þar. Aðeins 5 hús voru þar í byggingu um áramót. Auk Urriðaholts eru byggingarsvæði við Hraunsholt eystra og Garðahraun. – Lokið var við hús Náttúrufræðistofnunar á Urriðaholti. – Nýtt fimleikahús við Ásgarð var tekið í notkun í maí. Það er 3.500 fm.

Í *Hafnarfirði* var byggt í Vallahverfinu. Fjöldi íbúða var þar hálfbyggður. Þar er íbúðahverfið Vellir 7 tilbúið með götum og öllum leiðslum. Atvinnuhúsnæði var skipulagt við Kapelluhraun og Hellahraun. Unnið var áfram að sundmiðstöð við Árvelli og við nýjan leikskóla á Völlum. Í Kaplakrika var frjálsíþróttamiðstöð í smíðum. Þetta er 4.600 fm hús í eigu bæjarins og FH. – Unnið var mikið við stækkun álversins í Straumsvík.

Reykjanesbær. Nokkur uppbygging var áfram í Tjarnahverfi í Innri-Njarðvík. – Áfram var haldið framkvæmdum við nýtt íþróttasvæði vestan og sunnan við Reykjaneshöllina og að

Framkvæmdir við Snæfellsskála í Vatnajökulsþjóðgarði.

Hljómahöllinni sem rísa á við Stapa. – Framkvæmdir við byggingu álvers í Helguvík stöðvuðust að mestu vegna vafa um útvegun á orku og fjármagni.

Grindavík. Nokkuð var byggt í Hópshverfi og þar var unnið við nýjan skóla, Hópsskóla.

Árnessýsla. Ný skólabygging var tekin í notkun á *Stokkseyri* í september. Hún kostaði um 700 milljónir króna og þjónar bæði Stokkseyri og Eyrarbakka. – Fyrsta skóflustunga var tekin 9. júní að nýju baðhúsi við *Laugarvatn*. Áætlaður kostnaður við húsið er 400 milljónir króna. – Vígt var nýtt húnæði Flóaskóla í *Flóahreppi*. Byggingin er 1.100 fm og kostaði um 200 milljónir.

Vestmannaeyjar. Nýtt fjölnota íþróttahús við Hásteinsvöll var nær fullbúið um áramót.

Skaftafellssýslur. Haldið var áfram viðbyggingu við Samgöngusafnið á *Skógum*. – Þá var unnið við stækkun hótelsins í *Vík í Mýrdal*.

Múlasýslur. Á *Fáskrúðsfirði* var byggingu skólamiðstöðvar langt komin. – Mikið var unnið við snjóflóðavarnir í *Neskaupstað*. Reist voru svonefnd upptakastaðavirki. Þetta eru

Þórsvöllurinn nýi á Akureyri.

stálgrindur sem mynda fyrsta hluta af mannvirkjum á Tröllagilssvæði. – Á *Egilsstöðum* var haldið áfram viðbyggingu við grunnskólann. – 24. júní var opnuð 700 fm gestastofa fyrir austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs. Hún var nefnd Snæfellsstofa og er í Fljótsdal í námunda við Skriðuklaustur.

Eyjafjarðarsýsla. Á *Akureyri* dró töluvert úr byggingu íbúðarhúsnæðis en eitthvað var byggt af iðnaðarhúsnæði. Helst var byggt í Naustahverfi, en þar og í Síðuhverfi var mikið unnið við undirbúning lóða til úthlutunar.

Nýbygging við Háskólann var tekin í notkun í lok ágúst. – Áfram var unnið við menningarhúsið Hof við Pollinn. – Unnið var að stækkun Glerártorgs og við byggingu 70 herbergja hótels. – Unnið var við byggingu Naustaskóla, en heldur var dregið úr framkvæmdahraða við íþróttahúsið við Giljaskóla.

Ný íþróttamiðstöð á Dalvík var tekin í notkun 1. október.

Skagafjarðarsýsla. Á *Sauðárkróki* var seint á árinu vígt 580 fm nýtt húsnæði verknámsdeildar Fjölbrautaskóla Norðurlands. – Á *Hofsósi* var lokið við byggingu sundlaugar og hún tekin í notkun í júní.

Húnavatnssýslur. Á *Blönduósi* var enn unnið að byggingu nýrrar sundlaugar.

Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla. Í *Ólafsvík* var enn unnið að nýju hjúkrunarheimili við Jaðar. – Haldið var áfram að reisa vatnsverksmiðju í Rifi.

Mýra- og Borgarfjarðarsýsla. Í Borgarnesi hófst bygging hjúkrunarheimilis. Þar verða 32 hjúkrunarými og kostnaður um 800 milljónir. Húsið er reist sem viðbygging vð Dvalarheimili aldraðra. – Fóðurverksmiðja Líflands á Grundartanga var tekin í notkun 7. október.

VERSLUN

Á árinu 2010 voru fluttar út vörur fyrir 561,0 milljarð króna fob (500,9 árið áður) en inn fyrir 477,2 milljarða króna fob (410,6 árið áður). Afgangur var því í vöruskiptunum við útlönd í annað sinn síðan 2002.

Sjávarafurðir voru 39,3% af öllum útflutningi 2010 (41,7% árið áður), en iðnaðarvörur 55,4% (48,6% árið áður). Er þetta í þriðja skipti sem iðnaðarvörur vega þyngra í útflutningi en sjávarafurðir.

Innflutningur var að þessu sinni mestur frá Noregi, þriðja árið í röð. Brasilía varð í öðru sæti og Holland í þriðja. Síðan komu Bandaríkin, Þýskaland og Danmörk. Brasilía tók mikið stökk, var áður í 9. sæti.

Útflutningur var mestur til Hollands eins og árin þrjú á undan, en Þýskaland var í öðru sæti og hafði sætaskipti við Bretland sem kom í þriðja sæti í stað annars sætis árið áður. Næst á eftir komu Spánn, Bandaríkin og Noregur.

Hér verða nefnd þau ríki, þar sem viðskiptin námu meira en 6.000 milljónum króna á árinu 2010. Innan sviga eru viðskiptin 2009.

Innflutningur		
Noregur	43.217	(57.866)
Brasilía	41.447	(18.298)
Holland	40.619	(38.506)
Bandaríkin	37.793	(30.972)
Þýskaland	35.837	(36.847)

Danmörk	33.650	(32.454)
Kína	28.731	(22.162)
Svíþjóð	24.919	(35.937)
Bretland	24.394	(20.298)
Ítalía	14.177	(12.300)
Japan	11.028	(15.317)
Frakkland	8.718	(8.636)
Kanada	8.148	(8.584)
Sviss	6.602	(12.241)
Belgía	6.514	(6.872)
Útflutningur		
Holland	190.632	(153.981)
Þýskaland	78.321	(56.403)
Bretland	56.712	(63.970)
Spánn	26.588	(24.131)
Bandaríkin	25.429	(19.403)
Noregur	23.787	(29.067)
Frakkland	17.595	(17.575)
Danmörk	14.869	(13.512)
Japan	14.283	(9.305)
Kína	11.728	(10.277)
Rússland	11.593	(6.093)
Nígería	10.379	(10.187)
Sviss	10.217	(6.609)
Belgía	9.416	(9.209)
Ítalía	8.854	(5.106)
Litháen	8.353	(8.804)
Portúgal	6.925	(8.805)
Pólland	6.307	(5.321)

Mikilvægustu innflutnings- og útflutningsvörur voru sem hér segir í millj. kr.

Innflutningsvörur		
Hrávörur og rekstrarvörur	145.311	(124.929)
Fjárfestingarvörur	99.823	(88.365)

Neysluvörur	64.732	(64.111)
Eldsneyti og smurolíur	57.724	(51.105)
Matvörur og drykkjarvörur	42.754	(41.774)
Flutningatæki	29.981	(39.759)
Útflutningsvörur		
Iðnaðarvörur	311.012	(243.641)
Sjávarafurðir	220.488	(208.620)
Landbúnaðarafurðir	8.970	(7.687)
Annað	20.562	(40.907)

Verðmæti vöruútflutnings fob og vöruinnflutnings fob er á gengi hvors árs og breytingar á föstu gengi. Verðmæti iðnaðarvara hefur hækkað um 32,0% milli ára, sjávarafurða um 9,3% og landbúnaðarvara um 20,6%. Samtals hefur útflutningur hækkað um 15,8%. – Verðmæti innflutnings hefur hækkað um 11.0%, þar af hrávörur og rekstrarvörur mest eða um 20,2%. Verðmæti flutningatækja hefur hins vegar lækkað um 22,1%.

Hagnaður tveggja stærstu fyrirtækja á sviði matvörusmásölu 2010 var á svipuðu róli og árið áður. Hagnaður Hagkaupa var 44 milljónir en tap Kaupáss var 54 milljónir. Hagar höfðu þetta ár 55% markaðshluteild en Kaupáss 19%. Innan Haga eru fyrirtækin Debenhams, Top Shop og Aðföng.

VINNUMARKAÐUR

Árið 2010 var mesta atvinnuleysisár síðan Hagstofan hóf reglubundnar kannanir á vinnumarkaðinum, en það var árið 1991. Alls voru taldir vera 180.900 manns á vinnumarkaði árið 2010 og af þeim voru 167.300 starfandi en 13.000 án vinnu og í atvinnuleit. Atvinnuleysið taldist vera 7,6%, sem er hið mesta sem mælst hefur. Mesta atvinnuleysi fram að þessu var á árunum 1992-1995 eða á bilinu 4,3% til 5,3%. Atvinnuleysi var minnst hjá þeim sem hlotið höfðu háskólamenntun en mest hjá þeim sem aðeins höfðu grunnmenntun. Atvinnuleysið var mest í febrúar og mars, 9,3% í hvorum mánuði. Mest var atvinnuleysið á Suðurnesjum 15,0% en minnst á Vestfjörðum

Frá kjaradeilu slökkviliðsmanna og sjúkraflutningamanna.

3,6%. Í lok september voru 2.034 erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysisskrá.

Kjarasamningar milli ASÍ og VSÍ skyldu gilda fram á árið 2011 og sátt ríkja á vinnumarkaði út árið, svokallaður stöðugleikasáttmáli í gildi. Ekki var þó alger friður því að ríkið setti lög á verkfall flugvirkja 22. mars. Var kjarasamningur þeirra framlengdur til 30. nóvember. Þá var hótað lagasetningu á verkfall flugumsjónarmanna 12. mars. Þeir aflýstu verkfalli. Í júlí áttu slökkviliðsmenn og sjúkraflutningamenn í deilum við vinnuveitendur sína og hvöttu hinir fyrrnefndu vegfarendur til þess að sýna samhug.

Á ársfundi Alþýðusambands Íslands var Gylfi Arnbjörnsson endurkjörinn forseti með 183 atkvæðum eða 72,9%. Guðrún J. Ólafsdóttir VR fékk 64 atkvæði eða 27,1%. Signý Jóhannesdóttir formaður Stéttarfélags Vesturlands var kosin varaforseti með 159 atkvæðum eða 63,6%. Guðrún J. Ólafsdóttir bauð sig líka fram til varaformanns og fékk hún 91 atkvæði eða 36,4%.

VÍSITÖLUR OG VERÐLAG

Vísitala neysluverðs hækkaði úr 356,8 í janúar 2010 í 363,4 í janúar 2011. Verðbólga var því 1,8% innan ársins 2010. Til samanburðar hækkaði neysluverð um 6,6% innan ársins 2009, 18,6% 2008, 5,8% 2007 og 6,9% árið 2006. Verðbólga milli ársmeðaltala 2009 og 2010 nam 5,4%, 12% milli 2008 og 2009, 12,4% milli 2007 og 2008 og 5% milli 2006 og 2007.

Tólf mánaða verðbólga eða hækkun vísitölu síðustu tólf mánuði, er sá mælikvarði sem oftast er vitnað til í opinberri umræðu og vitnað er til í reglum um verðbólgumarkmið Seðlabankans. Tólf mánaða verðbólga var 6,6% í upphafi árs 2010, hækkaði í 8,5% í mars, en lækkaði síðan jafnt og þétt niður í 1,8% í janúar 2011 en hækkaði aftur upp úr því. Þriggja mánaða verðbólga, færð á ársgrundvöll, er sveiflukenndari meðal annars vegna árstíðabundinna verðbreytinga. Hún var 3,7% í janúar 2010, fór hæst í 8,1% í apríl, lækkaði mest í -2,9% í ágúst og endaði árið í -2,1%.

Á árunum 2003-07 hækkaði húsnæðiskostnaður meira en aðrir liðir neysluverðs og lyfti verðbólgu upp um nær 3½% árin 2005 og 2007. Þetta snerist við 2008-09 með raunlækkun húsnæðiskostnaðar sem dró verðbólguna niður. Á árinu 2010 var munurinn minni en húsnæðiskostnaður dró þó verðbólguna niður um u.þ.b. hálft prósent. – Breytingar á óbeinum sköttum ýttu verðbólgunni upp um 0,2% á árinu 2010, mun minna en á árinu 2009 þegar verðbólga var 1,3% hærri með skattaáhrifum en án þeirra. Áhrif gengisbreytinga, metin út frá hækkun innfluttra vara umfram annað verðlag, voru um og yfir 5% árin 2008 og 2009 en lítil árið 2010 og heldur til lækkunar. Innfluttar vörur hækkuðu þó í verði um nærfellt 1,0% þótt meðalgengi erlendra gjaldmiðla lækkaði um tíu og hálft prósent frá upphafi til loka 2010.

Frá því að Seðlabankinn hætti að birta gengisskráningarvog krónunnar í ársbyrjun 2009, hefur viðskiptavog gjaldmiðla með a.m.k 1,0% hlutdeild í utanríkisviðskiptum Íslands verið algengasti mælikvarðinn á gengi krónunnar. Þessi vog líkist nokkuð gömlu gengisskráningarvoginni og er m.a. birt með

Í Seðlabankanum. F.v.: Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri, Már Guðmundsson seðlabankastjóri og Þórarinn G. Pétursson aðalhagfræðingur.

samræmdri tengingu við hana í ársbyrjun 2009. Samkvæmt voginni lækkaði verð erlendra gjaldmiðla jafnt og þétt um alls 11.0% frá ársbyrjun 2010 til loka september. Það samsvarar 12½% styrkingu krónunnar. Síðustu þrjá mánuði ársins hækkaði meðalverð erlendra gjaldmiðla svo aftur um ½% svo verðlækkun þeirra nam alls 10½ á árinu 2010 miðað við þrönga viðskiptavog. Verð erlendra gjaldmiðla hækkaði um 7½% á árinu 2009 og um 80% hrunárið 2008.

Í árslok 2010 var sölugengi nokkurra gjaldmiðla samkvæmt skráningu Seðlabankans sem hér segir: Evran kostaði 180,38 krónur, 14½% minna en í lok 2009. Bandaríkjadalur kostaði 115,32 krónur, 8% minna en í ársbyrjun, breskt pund kostaði 178,90 krónur eftir 11,5% lækkun og japanska jenið kostaði 1,418 krónur eftir 4,6% lækkun á árinu. Danska krónan kostaði 20,70 íslenskar krónur eftir 14,6% lækkun, sú norska 19,73 kr. eftir 9,2% lækkun og sænska krónan 17,20 íslenskar krónur eftir 2,1% lækkun.

Gjaldeyrishöftin sem komið var á í miðju hruni í nóvem-

berlok 2008 stóðu enn í árslok 2010. Undirbúningur afnáms hélt þó áfram á árinu 2010, m.a. með kaupum á ríkisskuldabréfum í krónum úr eigu Seðlabanka Lúxemborgar í maí og kaupum Seðlabanka Íslands á erlendum gjaldeyri á innlendum markaði frá og með ágústlokum.

Verðlag

Verðlag á nokkrum algengum vörutegundum og þjónustu á höfuðborgarsvæðinu var sem hér segir í nóvember 2010 (innan sviga eru tölur frá nóvember 2009): Franskbrauð sneitt, kg 423 kr. (383), súpukjötskíló 679 kr. (617), nýmjólkurlítri í pakka 105 kr. (110), smjörkíló 559 kr. (569), eplakíló 206 kr. (202), kartöflukíló 168 kr. (168), strásykurskíló 231 kr. (228), kaffikíló 1.368 kr. (1.333), brennivínsflaska 4.640 kr. (4.189), bjórdós (Víking gull 50 cl) 350 kr. (326), vindlingapakki 884 kr. (843), herraskyrta 7.483 kr. (7.421), bensínlítri (95 okt.) 205 kr. (193), flugferð Reykjavík-Akureyri aðra leið 12.500 kr. (11.370), bíómiði 1.099 kr. (1.074), mánaðaráskrift að Morgunblaðinu 3.890 kr. (3.390), strætómiði í Reykjavík, stakt fargjald 227 kr. (227) og Þjóðleikhúsmiði 3.450 kr. (3.450).

ÝMISLEGT

Að smala köttum. Á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar 27. mars lýsti formaður flokksins því yfir að það væri eins og að smala köttum að halda þingmönnum VG við efnið.

Álftanes í fjárhagsvanda. Sveitarfélaginu Álftanesi var í febrúar skipuð fjárhaldsstjórn sem fara mun með fjármál þess. Mikill skuldavandi er á Álftanesi einkum vegna dýrrar sundlaugar.

Bankaíbúðir. Í árslok 2010 áttu bankarnir þrír og Íbúðalánasjóður alls 1.951 fasteign, sem flestar höfðu verið teknar upp í skuld. Af þessum fasteignum töldust 1.518 vera íbúðarhúsnæði en 234 atvinnuhúsnæði. Íbúðalánasjóður var efstur á blaði og átti 1.075 fasteignir. Landsbankinn átti mest af bönkunum eða 384 fasteignir.

Bankastjórar handteknir. Tveir fyrrverandi bankastjórar

Álftaneslaug varð sveitarfélaginu dýr.

Kaupþings banka voru handteknir 6. maí og úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Þetta voru Hreiðar Már Sigurðsson forstjóri Kaupþings og Magnús Guðmundsson bankastjóri Kaupþingsbanka í Lúxemborg.

Bensín yfir 200 krónur. 22. febrúar fór bensínverð almennt yfir 200 krónur á líter.

Blöðin. Ólafur Stehensen var í lok febrúar ráðinn ritstjóri Fréttablaðsins í stað Jóns Kaldal. – Hreinn Loftsson seldi DV í lok mars. Aðalkaupendur voru Reynir Traustason og Lilja Skaftadóttir. – Vikublaðið Monitor hóf göngu sína 25. mars. Það kemur út á fimmtudögum og er dreift ókeypis með Morgunblaðinu og á bensínstöðum, í skólum og á kaffistöðum.

Breiðavíkurmálið. 24. mars var mælt fyrir á Alþingi tillögu um að Breiðavíkurdrengir og fleiri fengju sanngirnisbætur allt að sex milljónum króna. Málið var samþykkt og umræðan var tilfinningaþrungin. Einhverjum vöknaði um augu.

Edduverðlaunin. Bjarnfreðarson var valin mynd ársins, Ragnar Bragason leikstjóri ársins og Þóra Arnórsdóttir sjónvarpsmaður ársins.

Hálfkláraðar byggingar í Úlfarsárdal.

Ekkert byggt fyrr en 2011. Talið er að um 3.000 lóðir og húseignir séu tilbúnar á höfuðborgarsvæðinu og ekki sé þörf á að byggja meira fyrst um sinn. Tiltölulega flestar lóðir og tómar íbúðir eru í Mosfellsbæ eða 850. Í Reykjavík eru l.400 tilbúnar lóðir og hálfkláruð hús, flest í Úlfarsárdal.

Eftirlýstur af Interpol. 11. maí var lýst eftir Sigurði Einarssyni stjórnarformanni Kaupþingsbanka. Hann vildi ekki mæta til yfirheyrslu nema því yrði lofað að hann yrði ekki settur í gæsluvarðhald. Sigurður var í Bretlandi en þarlend yfirvöld vildu ekki framselja hann.

Eva Joly hættir. 13. október kom norsk/franski lögfræðingurinn Eva Joly í síðustu embættisferð sína til Íslands. Hafði hún þá komið 18 sinnum til landsins sem ráðgjafi sérstaks saksóknara. Greiddar voru 27 milljónir króna fyrir störf hennar og vegna kostnaðar sem til féll.

Fasteigna- og kortaviðskipti aukast. Þinglýst var 4.600 kaupsamningum á árinu 2010 (3.700 árið áður). Heildarviðskipti í fasteignasölu námu 115 milljörðum og var meðalupphæð kaupsamninga 24,8 milljónir. Árið áður voru heildarviðskipti 99,0

milljarðar en meðalupphæðin var 26,8 milljónir. – Kortavelta óx á árinu um 11% innanlands og 30% í erlendri veltu.

Fluttu til Noregs. 5-10 búslóðir voru fluttar á viku hverri til Noregs fyrri hluta ársins. Flestar fóru til Akershus.

Fornminjar. Leyft var að grafa á 22 stöðum eftir fornleifum. Meðal þeirra var Strákatangi við Steingrímsfjörð, en þar fundust leifar eftir hvalveiðar Spánverja um 1600. Var þarna um að ræða undirstöður undir bræðslupott. – Grafið var áfram við Kolkuós og fundust þar heillegar búðir. – Nýr fundarstaður fornminja kom í ljós við Svalbarð í Þistilfirði. Þar fannst mikið af dýrabeinum.

Fullur dómsalur. 14. apríl var þingað í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli ákæruvaldsins gegn níu einstaklingum sem ákærðir voru fyrir að ráðast inn í alþingishúsið í desember 2008. Málið vakti mikla athygli og heitar tilfinningar. Var því ekki að undra að fullt væri út úr dyrum í dómsal Héraðsdóms. Á sömu leið fór, þegar rétta átti í þessum málum 12. maí. Þá var þinghaldinu frestað.

Fæðingar. Árið 2010 fæddust 3.484 börn á þremur fæðingardeildum Landspítalans; hreiðrinu, fæðingargangi og meðgöngu- og sængurlegudeild. Af þessum fæðingum voru 58 tvíburapör.

Gettu betur. Menntaskólinn í Reykjavík sigraði í spurningakeppni framhaldsskólanna fjórða árið í röð en alls hefur skólinn sigrað 16 sinnum í þessari keppni.

Geirfuglinn. 3. september var afhjúpuð bronsstytta af geirfugli. Hún stendur við Valahnjúk við Reykjanesvita og horfir til Eldeyjar. Talin líkjast mjög mynd Ólafar Nordal, sem stendur í flæðarmáli við Ægissíðu í Reykjavík.

Gríman. Leiklistarverðlaun fyrir bestu sýningu ársins hlaut *Jesús litli*. Besti karlleikari fyrir leik sinn í aðalhlutverki var valinn Ingvar Sigurðsson í *Íslandsklukkunni* en í kvenhlutverki var valin Margrét Helga Jóhannsdóttir fyrir *Fjölskylduna*. Árni Tryggvason hlaut heiðursverðlaun Leiklistarsambands Íslands.

Hagar. 4. febrúar var tikynnt að Arionbanki ætlaði að óska eftir skráningu Haga í kauphöll. Almenningi og fjárfestum gafst

kostur á að kaupa hlut í fyrirtækinu. 15% hlutabréfanna voru tekin frá fyrir þáverandi stjórnendur fyrirtækisins og þar af fékk Jóhannes Jónsson að kaupa 10%. Jóhannes varð formaður stjórnar Haga.

Hans Petersen hættir. Verslunin Hans Petersen var lögð niður í ársbyrjun. Hún hafði verið rekin í Bankastræti í Reykjavík frá 1907. Byrjað var þar að framkalla myndir árið 1920. Nú hefur framköllun minnkað mikið vegna stafrænnar tækni.

Íslendingar í jarðskjálfta í Chile. Tveir Íslendingar voru við störf í skipasmíðastöð í Chile, þegar mikill jarðskjálfti reið yfir. Varðskipið Þór er þar í smíðum. Íslendingarnir sluppu án meiðsla en skipið skemmdist.

Kolbeinsey að hverfa. Við skoðun á Kolbeinsey í júní kom í ljós, að eyjan er að hverfa í hafið undan ísreki og öldugangi. Þyrlupallur frá 1988 er farinn og eyjan klofin í tvennt. Hún er þanng orðin að tveimur skerjum.

Kína og Ísland. 9. júní var skrifað undir samning um gjaldmiðlaskipti milli Íslands og Kína. Upphæðin er 3,5 milljarðar juana eða 500 milljónir bandaríkjadala. Hægt er að borga vörur frá Kína með íslenskum krónum.

Kvikmyndir. Nokkrar íslenskar kvikmyndir voru frumsýndar á árinu. Meðal þeirra eru *Brim* í leikstjórn Árna Ólafs Ásgeirssonar o. fl., *The Good Heart* í leikstjórn Dags Kára og með Þóri Snæ Sigurjónsson og Skúla Fr. Malmquist sem framleiðendur, *Kurteist fólk* í leikstjórn Ólafs Jóhannessonar, *Rokland* í leikstjórn Marteins Þórissonar og *Maybe I should have* (fjallar um íslenska efnahagsundrið) í leikstjórn Gunnars Sigurðssonar, en framleiðandi var Lilja Skaptadóttir.

Listamannalaun o.fl. 190 listamenn fengu starfslaun á árinu en 712 umsóknir bárust. Vigdís Finnbogadóttir fékk verðlaun sem kennd eru við Jónas Hallgrímsson á degi íslenskrar tungu. – Þórdís Gísladóttir fékk verðlaun, sem kennd eru við Tómas Guðmundsson fyrir ljóðahandritið *Leyndarmál annarra*. – Kristján Árnason fékk íslensku þýðingarverðlaunin á degi bókarinnar 23. apríl fyrir *Ummyndanirnar* eftir Ovidius. – Eiríkur Guðmundsson og Kristín Marja Baldursdóttir hlutu verðlaun úr



Verðlaunabækur Félags íslenskra bókaútgefenda 2010.

Rithöfundasjóði Ríkisútvarpsins. – Bókmenntaverðlaun útgefenda fyrir árið 2010 fengu fræðiritið *Sveppabókin* eftir Helga Hallgrímsson *og Blóðhófnir?* eftir Gerði Kristnýju.

Ólögleg lán. 16. júní var kveðinn upp í Hæstarétti dómur um það, að verðtrygging lána með tengingu við gengi krónunnar sé ólögleg. Þetta á við um svokölluð myntkörfulán. Áhrifin af þessum dómi urðu mikil og lækkuðu skuldir margra. Ágreiningur reis síðar um það, hversu víðtæk þessi lög væru og varð Hæstiréttur að dæma í því máli. Sá dómur féll 16. september og var á þá leið að miðað skyldi við lægstu vexti Seðlabankans. Með þessum dómi var allri óvissu eytt um greiðslu vaxta aftur í tímann af gengistryggðum lánum.

Listaháskólinn fær nótur að gjöf. Erling Blöndal Bengtson sellóleikari og kona hans Merete færðu Listaháskólanum að gjöf allt nótnasafn Erlings. Um er að ræða allar helstu sellóbókmenntir heimsins.

Menn ársins í atvinnulífi. Viðskiptablaðið valdi Rannveigu Rist, forstjóra álversins í Straumsvík, til þess að fá viðskiptaverðlaun ársins 2010. Stefán Hrafnkelsson fékk frumkvöðla-

verðlaun blaðsins. Hann er helsti eigandi hugbúnaðarfyrirtækisins Betware.

Menntaskólinn á Tröllaskaga. Nýr menntaskóli fyrir utanverðan Eyjafjörð var settur 20. ágúst. Hann er með 70 nemendur og er til húsa í Ólafsfirði.

Morð í Reykjavík. 15. ágúst var maður að nafni Hannes Þór Helgason myrtur á heimili sínu. Það var kunningi hans sem verknaðinn framdi. Morðinginn var látinn sæta geðrannsókn.

Flug-Kef ohf. Þetta er bráðabirgðaheiti á hlutafélagi um opinberan rekstur flugvalla á Íslandi þ. á m. Keflavíkurflugvöll. Félagið var stofnað 29. janúar. Fyrsti stjórnarfomaður var kjörinn Þórólfur Árnason.

Norðurlandaráð. 62. þing Norðurlandaráðs var haldið í Reykjavík 2.-4. nóvember. Helgi Hjörvar lét af formennsku. Þingið sóttu 600-700 fulltrúar og ræddu þeir m.a. um ný viðfangsefni svo sem græn hagkerfi.

Pólarverðlaunin. Björk Guðmundsdóttir fékk svokölluð Pólarverðlaun þetta árið. Um er að ræða mjög eftirsótt tónlistarverðlaun, Nóbelsverðlaun fyrir tónlist. Karl Svíakonungur afhenti verðlaunin.

Ríkið kaupir málverk. Í febrúar var samið um kaup ríkisins á 193 listaverkum eftir 70 listamenn sem voru í eigu Arion banka. Eftir listræna úttekt voru verkin talin vera þjóðardýrgripir

Ræðukóngur. Pétur Blöndal alþingismaður talaði oftast og lengst á Alþingi þetta ár. Hann fór 696 sinnum í ræðustól og talaði í 32 klukkustundir. Lilja Rafney Magnúsdóttir talaði aðeins í 68 mínútur.

Sala á áfengi og tóbaki. Alls seldist áfengi fyrir 21,4 milljarða á árinu og er það 5,1% samdráttur. Í sterku áfengi (brennivíni og vodka) var mestur samdráttur eða 34,0%. Nokkur samdráttur var einnig í bjórsölu eða um 5,0%. Hins vegar seldist langmest að magni og mestar tekjur voru af lagerbjór. – Sala á sígarettum dróst saman um 11,5%, en sala á neftóbaki óx um 7,3%. – Söluhæsti bjórinn var Víkings gylltur og á eftir honum kom Viking lager. Þessar tegundir voru báðar bruggaðar hjá Víkings bruggi en það er á Akureyri og er í eigu Vífilsfells.

Frá Þjóðfundi seint í nóvember.

Sjónvarp. Óskar Hrafn Þorvaldsson sagði af sér 11. maí sem fréttastjóri Stöðvar 2. Ástæðan var hæpin frétt um fjóra athafnamenn.

Skattadrottning krýnd. Tilkynnt var í apríl að Guðbjörg Matthíasdóttir væri skattadrottning Íslands 2010 en henni var gert að greiða 342.967.024 kr. í opinber gjöld. Hún er útgerðarmaður í Vestmanaeyjum og á auk þess Morgunblaðið.

Sex lifandi ættliðir. Gissur Ó. Erlingsson varð 101 árs 21. mars. Hann átti þá afkomendur í fimm liðum.

Skipulag við Þjórsá. Umhverfisráðherra felldi úr gildi 1. febrúar skipulag, sem gerði ráð fyrir virkjunum í neðri hluta Þjórsár. Þetta var skipulag fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Flóahrepp.

Skötuselsfrumvarp. Alþingi samþykkti svokallað skötuselsfrumvarp 22. mars með 27 atkvæðum gegn 17. Lögin gengu út á það að sjávarútvegsráðherra mætti selja útvegsmönnum veiðiheimildir í skötusel. Útvegsmenn töldu að verið væri að brjóta reglur um kvóta og Vilhjálmur Egilsson sagði að stöðugleikasáttmálinn væri í hættu. Mikil ásókn var í þessar veiðar og

Hera Björk fagnar á Eurovisionkeppninni.

fengu 196 útgerðir leyfi til þess að veiða 500 tonn sem úthlutað var í byrjun. Síðar var bætt við 300 tonnum.

Sjálfstæðir Evrópumenn. 12. febrúar var haldinn stofnfundur fyrir félagið Sjálfstæðir Evrópumenn, sem stuðningsmenn Evrópusambandsins innan Sjálfstæðisflokksins standa að. Meðal þeirra sem fluttu ávörp á fundinum voru Ragnheiður Ríkharðsdóttir alþm. og Jónas Haralz hagfræðingur. Fundarstjóri var Ragnhildur Helgadóttir, fyrrverandi ráðherra. Meðal fundarboðenda voru Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, Halldór Halldórsson bæjarstjóri og Þór Whitehead sagnfræðingur.

Stjórnlagaþing. Kosið var til stjórnlagaþings 27. nóvember. Kjósa mátti allt að 25 frambjóðendur af 522 sem höfðu boðið sig fram daginn fyrir kjördag. Kosningaþátttaka varð aðeins 36,8%. Fimm efstu urðu Þorvaldur Gylfason, Salvör Nordal, Ómar Ragnarsson, Andrés Magnússon og Pétur Guðlaugsson. Kosnir voru 15 karlar og 10 konur. Af höfuðborgarsvæðinu komu 22 fulltrúar en aðeins þrír af landsbyggðinni. Eftir starfsheitum töldust háskólamenn flestir eða fimm, en næstir komu fjölmiðlamenn fjórir.

Stytta var reist við Laugardalshöll af Albert Guðmundssyni, fyrsta atvinnumanni Íslands í knattspyrnu.

Surtseyjarstofa. 2. júlí var opnuð í Vestmannaeyjum svonefnd Surtseyjarstofa. Þar má fá alla vitneskju um Surtsey. Hún var friðlýst árið 1965 í þágu rannsókna og náttúruverndar.

Söngvakeppnin. Hera Björk Þórhallsdóttir varð í 19. sæti í Eurovision 2010 með lagið *Je ne sais quoi* eftir Heru og Örlyg Smára. Lena Mayer-Landrut frá Þýskalandi sigraði.

Stytta af Albert. 13. febrúar var afhjúpuð í Laugardal stytta af Albert Guðmundssyni knattspyrnukappa Myndina gerði Helgi Gíslason myndhöggvari.

Stærsta jarðeigendafélagið. Fyrirtækið Lífsval, sem er í eigu Landsbankans er talið mesti jarðeigandi á Íslandi. Það er talið eiga 45 jarðir og rekur þar m.a. þrjú kúabú og tvö sauðfjárbú. Skuldir félagsins eru þrír milljarðar.

Tónlistarhúsið Harpa. Svissneskur verktaki tók að sér að ljúka við byggingu Hörpu eftir að Íslenskir aðalverktakar urðu gjaldþrota. Unnið var við húsið sjálft og við bílastæðahús neðanjarðar. Þar komast fyrir 545 bílar.

Ungfrú Ísland. Fanney Ingvarsdóttir sigraði í keppninni ungfrú Ísland sem haldin var í maí.

Uppsagnir hjá RÚV. 21. janúar var ýmsum starfsmönnum RÚV sagt upp. Meðal þeirra voru Elín Hirst, Þóra Tómasdóttir og Jóhanna Vilhjálmsdóttir.

Varnarmálastofnun. Stofnunin var lögð niður 1. september. Í staðinn kom verkefnisstjórn, en henni stýrði Guðmundur B. Helgason.

Vegurinn til Santiago. Frumsýnd var á Spáni í lok júlí myndin *Inngangan* sem er fyrsta myndin í flokknum *Draumurinn um veginn*. Þetta er mynd um för Thors Vilhjálmssonar rithöfundar til Santiago de Compostela. Höfundur myndarinnar er Erlendur Sveinsson.

Verðlaun Ásu Wright. Verðlaun úr sjóði Ásu Wright fékk dr. Inga Þórsdóttir fyrir rannsóknir í næringarfræðum. Þessar rannsóknir hafa haft áhrif á fræðslu og forvarnir meðal fjölmargra þjóðfélagshópa.

Efnisskrá

Bls.

Almanak um árið 2012, reiknað hefur og búið til prentunar Þorsteinn Sæmundsson 1-96

Árbók Íslands 2010, tekin saman af Heimi Þorleifssyni 97-205